



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Sóknarfæri í námi í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands

Skýrsla til rektors Háskóla Íslands



Ásta Möller
Magnús Lyngdal Magnússon
Sigurlaug Ingibjörg Lövdahl

September 2015

Sóknarfæri í námi í íþróttá- og heilsufræði

við Háskóla Íslands

Skýrsla til rektors Háskóla Íslands

Ásta Möller
Magnús Lyngdal Magnússon
Sigurlaug Ingibjörg Lövdahl
September 2015
2. útgáfa



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Samantekt	7
3. Tillögur	10
4. Nám í íþróttufræði á Íslandi	11
5. Þróun nemendafjölda í íþrótt- og heilsufræði.....	13
6. Viðhorf nemenda í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands til námsins	16
7. Afdrif nýútskrifaðra íþróttfræðinga	17
8. Starfsfólk grunnnáms í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni og rannsóknvirkni kennara.....	17
9. Staðsetning náms í íþrótt- og heilsufræði.....	18
10. Byggingar og mannvirki að Laugarvatni	20
11. Rekstur og viðhald mannvirkja að Laugarvatni	22
12. Fjármál.....	23
13. Fjórar sviðsmyndir.....	24
1. Nám í íþrótt- og heilsufræði áfram að Laugarvatni með breyttu sniði	24
2. Grunnám í íþrótt- og heilsufræði verði flutt frá Laugarvatni til Reykjavíkur	26
3. Nám í íþrótt- og heilsufræði verði flutt til Reykjavíkur og skipulagt í samstarfi við Háskólann á Akureyri.....	28
4. Nám í íþrótt- og heilsufræði verði lagt niður sem námsgrein við Háskóla Íslands	29
Viðauki 1. Stutt ágríp af sögu skólastarfs að Laugarvatni.....	30
Viðauki 2. Sundurliðun á tekjum og gjöldum vegna reksturs húsnæðis námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði Laugarvatni.....	32
Viðauki 3. Húsnæði í eigu Háskóla Íslands að Laugarvatni, í fermetrum	32

1. Inngangur

Þessi skýrsla er unnin að beiðni Kristínar Ingólfsdóttur, þáv. rektors Háskóla Íslands, sem þáttur í að móta framtíðarstefnu um fyrirkomulag og staðsetningu náms í íþrótt- og heilsufræði við Menntavísindasvið skólans. Undirrituðum var falið að skoða sóknarfæri í menntun í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands og greina ástæður fyrir fækkun nemenda í grunnnámi að Laugarvatni. Jafnframt skyldi skoða kosti og galla við rekstur náms í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni í samanburði við rekstur þess í Reykjavík og horfa til þess hvor staðsetningin væri líklegri til að bæta grunnnám í íþrótt- og heilsufræði, laða fleiri nemendur að náminu og stuðla að hagkvæmari rekstri.

Á árinu 2011 setti mennta- og menningarmálaráðuneytið fram stefnumótun í íþróttamálum. Þar er m.a. lögð áhersla á það hlutverk háskólasamfélagsins að mennta sérfræðinga á sviði íþróttamála, að auka fagmennsku þeirra sem starfa við íþrótt- og æskulýðsstörf og stuðla að og styrkja þekkingarsköpun og framþróun með rannsókna- og vísindastarfi. Lögð er áhersla á eflingu rannsókna á sviði íþróttá, aukilið samstarf íþróttahreyfingarinnar og háskóla um menntun og rannsóknir og að auka gæði þjálfaramenntunar. Í stefnumótun ráðuneytisins í íþróttamálum er kveðið á um að komið verði á fót samstarfsnefnd háskólasamfélagsins og íþróttahreyfingarinnar um málefni sem tengjast faglegri umsjón með afreksíþróttafólki og að miðstöð um íþróttarannsóknir verði formlega stofnuð.¹

Í janúar 2015 gerðu Háskóli Íslands og Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (ÍSí) með sér samning um eflingu samstarfs á sviði íþróttá.² Samningurinn var gerður í framhaldi af viljayfirlýsingu sömu aðila frá hausti 2012.³ Samstarfið felur m.a. í sér að unnið verði í sameiningu:

- að uppbyggingu miðstöðvar íþróttá og rannsókna
- að ráðgjöf til að efla faglegt umhverfi íþróttahreyfingarinnar með aðkomu fræðasviða Háskóla Íslands
- að námskeiðum, ráðstefnum og málþingum

Samstarfið felur einnig í sér að auka þróunarstarf og rannsóknir, „t.d. á sviði afreksíþróttá, barna- og æskulýðsstarfs, íþróttastjórnunar og lyfjamála, auk viðfangsefna sem tengjast Alþjóða-ólympíunefndinni.“⁴ Hlutverk ÍSí skv. samkomulaginu er m.a. að greiða fyrir auknu aðgengi að íþróttahreyfingunni og skapa fleiri snertifleti við íþróttahreyfinguna fyrir nemendur Háskóla Íslands í framhaldsnámi. Með samningi Háskóla Íslands og ÍSí skapast ný sóknarfæri til að efla menntun í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands í samstarfi við íþróttahreyfinguna í landinu en um leið leggur samningurinn ákveðnar skyldur á herðar skólanum.

Víða var leitað fanga til að afla upplýsinga um efni skýrslunnar. Í mars og apríl 2015 voru tekin viðtöl við starfsmenn og fulltrúa nemenda námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði bæði að Laugarvatni og í Reykjavík, auk deildarforseta Íþróttá-, tómsunda og þroskaþjálfadeildar við Menntavísindasvið skólans. Varði hvert viðtal um ½ - 1 klst. Í viðtölunum var lögð áhersla á að leita eftir framtíðarsýn viðkomandi viðmælanda um nám í íþrótt- og heilsufræði með áherslu á sóknarfæri þess. Rætt var um leiðir til að fjölga nemendum m.a. með breyttu skipulagi námsins og staðsetningu þess. Unnin var SVÓT-greining (greining á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum) á þeim efnisþáttum sem komu til umræðu hjá hverjum viðmælanda og var hún borin undir hann í lok viðtalsins til staðfestingar á réttum skilningi. Nefndin tók viðtöl við eftirtalda starfsmenn og nemendur námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði og starfsmenn Menntavísindasviðs:

¹ Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2011). Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum, http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Stefnumotun_mrn_ithrottir_low.pdf. Tekið af vefnum 26. febrúar 2015.

² Samningur Háskóla Íslands og Íþrótt- og ólympíusambands Íslands um eflingu samstarf á sviði íþróttá, dags. 7. janúar 2015.

³ Viljayfirlýsing um samstarf Háskóla Íslands og Íþrótt- og ólympíusambands Íslands, dags. 27. nóvember 2012.

⁴ Samningur Háskóla Íslands og Íþrótt- og ólympíusambands Íslands um eflingu samstarfs á sviði íþróttá, dags. 7. janúar 2015.

Önnu Rúnu Einarsdóttur, nemanda í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni, dr. Önnu Sigríði Ólafsdóttur dósent, Ástríði Stefánsdóttir, forseta Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar, Björgu Gísladóttur, rekstrarstjóra Menntavísindasviðs, Elmar Eysteinnsson, starfsmann í íþróttahúsi og fyrrverandi nemanda í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni, dr. Erling S. Jóhannsson prófessor, dr. Guðmund Sæmundsson aðjunkt, Guðrúnu S. Guðmundsdóttur, nemanda í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni, Gunnhildi Hinriksdóttur aðjunkt, Hafþór B. Guðmundsson lektor og staðarhaldara að Laugarvatni, Halldór Benjamínsson, starfsmann í íþróttahúsi, Inga Þór Einarsson aðjunkt, dr. Janus F. Guðlaugsson lektor, dr. Jóhönnu Einarsdóttur, forseta Menntavísindasviðs, Kolbein Marteinnsson, kynningarstjóra Menntavísindasviðs, dr. Sigurbjörn Árna Arngrímsson prófessor, Smára Stefánsson aðjunkt, Sævar Ástráðsson, umsjónarmann og Örn Ólafsson lektor.

Þá áttu undirrituð fund með fulltrúum sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, þeim Helga Kjartanssyni oddvita og Valgerði Sævarsdóttur, formanni byggðaráðs, auk þess sem nefndin ræddi við Halldór Pál Halldórsson, skólameistara Menntaskólans að Laugarvatni.

Gagnasöfnun fólst einnig í viðtölum við forsvarsmenn annarra menntastofnana sem bjóða upp á nám í íþróttufræði, öflun greina, skýrslna og annarra skriflegra gagna um skipulag og mat á námi í íþróttufræði gegnum tíðina.

Eru öllum viðmælendum færðar bestu þakkir fyrir upplýsingar og umræður um málefni námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að samantekt er í kafla 2 og í kafla 3 eru tillögur skýrsluhöfunda til rektors. Í kafla 4 -12 eru upplýsingar sem eru grundvöllur fyrir sviðsmyndir og niðurstöður sem settar eru fram í kafla 13. Viðaukar eru þrír; ágríp af sögu skólalahalds á Laugarvatni, töflur um tekjur og gjöld vegna reksturs húsnæðis Háskóla Íslands að Laugarvatni og yfirlit yfir húsnæði í eigu skólans að Laugarvatni í fermetrum.

Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands og höfundar skýrslunnar kynntu efni hennar fyrir kennurum og öðru starfsfólki námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni þann 18. ágúst 2015 og sveitarstjórnarmönnum í Bláskógabyggð og formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga á Suðurlandi þann 24. ágúst 2015. Jafnframt var þeim afhent 1. útgáfa skýrslunnar og þeim gefinn gefinn kostur á að senda umsögn og ábendingar um efni og niðurstöðu hennar í síðasta lagi 27. ágúst 2015. Í þessari 2. útgáfu skýrslunnar, september 2015, hefur verið tekið tillit til helstu athugasemda og ábendinga sem bárust og sem höfundar þakka fyrir.

Ásta Möller, verkefnastjóri á rektorsskrifstofu, formaður

Magnús Lyngdal Magnússon, skrifstofustjóri

Sigurlaug Ingibjörg Lövdahl, skrifstofustjóri

2. Samantekt

Nám í íþróttá- og heilsufræði

1. Háskóli Íslands á í samkeppni við tvo aðra skóla um nemendur sem hafa áhuga á að nema íþróttá- og heilsufræði: annars vegar Háskólann í Reykjavík og hins vegar Íþróttáakademíu Keilis.
2. Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík bjóða upp á þriggja ára bakkalárnám í íþróttá- og heilsufræði, auk meistaranáms m.a. til kennsluréttinda. Háskóli Íslands er með tvö kjörsvið en Háskólinn í Reykjavík hefur fjórar námsbrautir í íþróttá- og heilsufræði. Íþróttáakademía Keilis býður upp þrjár námslínur; tveggja anna nám í íþróttá- og heilsufræði á framhaldsskólastigi sem veitir einkaþjálfararéttindi eða styrktarþjálfararéttindi og tveggja anna leiðsögunám fyrir ævintýraferðir á háskólastigi í samvinnu við erlendan háskóla.
3. Nám í íþróttá- og heilsufræði er staðnám við báða háskólana. Við Háskóla Íslands er grunnnámið kennt að Laugarvatni en framhaldsnámið í Reykjavík. Allt nám í íþróttá- og heilsufræði við Háskólann í Reykjavík er í Reykjavík. Nám í íþróttá- og heilsufræði við Íþróttáakademíu Keilis er í blönduðu námi,⁵ þ.e. fjarnám með helgarlotum aðra hverja helgi á Ásbrú í Reykjanesbæ.
4. Sóknarfæri til eflingar námi í íþróttá- og heilsufræði við Háskóla Íslands, sem eru til þess fallin að koma betur til móts við væntingar og kröfur nemenda, eru helst þessi:
 - a. Auka samstarf við aðra háskóla í landinu um nám í íþróttá- og heilsufræði.
 - b. Breyta náminu í blandað nám, sem gæti hentað afreksfólki betur en staðnám. Blandað nám er í anda annars náms á Menntavísindasviði.
 - c. Bjóða upp á styttra nám, diplómanám, fjarnám, blandað nám, námskeið og fleiri „pakka“ á háskólastigi.
 - d. Útskrifa íþróttakennara með lokapróf af tveimur kjörsviðum og auka tengsl við annað kennaranám.
 - e. Nýta sér fjölbreytileika námsframboðs við Háskóla Íslands og auka þverfræðilegt samstarf og sveigjanleika í námi með tengingu við aðrar greinar skólans, t.d. í heilbrigðisvísindum, s.s. lýðheilsufræði, sjúkraþjálfun og einnig ferðamálafræði.
 - f. Leggja aukna áherslu á tengsl íþróttá og lýðheilsu í skipulagi námsins.

Þróun nemendafjölda í íþróttá- og heilsufræði

5. Nemendum í íþróttá- og heilsufræði við Háskóla Íslands hefur fækkað verulega á undanförunum árum. Straumhvörf urðu þegar Háskólinn í Reykjavík setti nám í íþróttáfræði á laggirnar á árinu 2005 og svipuð áhrif til fækkunar nemenda hafði lenging náms til kennararéttinda á árinu 2008. Frá árinu 2010 hefur nemendum í íþróttá- og heilsufræði fækkað enn frekar, úr 124 í 73 á vormisseri 2015, skv. tölum á heimasíðu Háskóla Íslands.
6. Haustið 2015 eru 18 nemendur skráðir á 3. ár og 13 nemendur á 2. ár í íþróttá- og heilsufræði við Háskóla Íslands. Nýnemar á haustönn 2015 eru 26 talsins.⁶ Alls eru því 57 nemendur skráðir í nám í íþróttá- og heilsufræði haustið 2015. Nemendum hefur þannig fækkað um 54% frá vormisseri 2010 til haustmisseris 2015.

⁵ Blandað nám er blanda af fjarnámi og staðnámi og getur lotukennsla verið hluti af því.

⁶ Skv. upplýsingum frá skrifstofu Menntavísindasviðs 1. september 2015

7. Mun færri nemendur sækja um og stunda nám í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands en við hina skólana tvo sem bjóða slíkt nám. Skólaárið 2014-2015 voru skráðir nemendur í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands 73 talsins, um 170 nemendur við Háskólann í Reykjavík og 90 nemendur við Íþróttakademíu Keilis.
8. Skýringar á fækkun nemenda í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni eru þessar helstar:
- Mikill áhugi er á námi í íþrótt- og heilsufræði meðal ungmenna. Staðsetning námsins að Laugarvatni er talin fráhrindandi vegna fjarlægðar frá fjölskyldu og vinum, jafnframt sem nemendur nefna takmarkaða möguleika til afþreyingar utan skóla og til launaðra starfa með námi.
 - Síauknar kröfur, sem gerðar eru til afreksíþróttafólks um skipulegar æfingar undir leiðsögn þjálfara, gera þeim erfitt fyrir að stunda staðnám sem er landfræðilega fjarri þjálfunaraðstöðu.
 - Samkeppni við Háskólann í Reykjavík, fyrst og fremst vegna staðsetningar hans í Reykjavík.
 - Samkeppni við Íþróttakademíu Keilis sem býður upp á styttra nám til einkaþjálfararéttinda, sem af mörgum er lagt að jöfnu við nám í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni, auk þess sem þar er boðið upp á blandað nám, sem hentar mörgum nemendum vel.
 - Fækkun nemenda er í samræmi við fækkun í öðru kennaranámi við Menntavísindasvið eftir að það var lengt í fimm ár til að öðlast kennararéttindi.
 - Skipulag og samsetning námsins er ekki í samræmi við væntingar nemenda. Nemendur hafa áhuga á námi í íþrótt- og heilsufræði og að starfa við fagið á breiðum grunni. Þeir hafa síður áhuga á að bæta við sig tveimur árum í meistaranámi til að öðlast íþróttakennararéttindi.
 - Þrátt fyrir að námið sé fræðilega og faglega sterkt og með fjölda vel menntaðra kennara hefur námið ekki nægilega sterka ímynd.
 - Ólíkt öðru kennaranámi við Menntavísindasvið fá nemendur eingöngu réttindi á einu kjörsviði en ekki tveimur og það skerðir atvinnumöguleika þeirra.
9. Samsetning nemenda í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands breyttist eftir að Háskólinn í Reykjavík tók upp nám í sömu greinum. Nú eru flestir nemendanna af landsbyggðinni og afreks- og keppnisíþróttafólki meðal umsækjenda hefur fækkað. Í heildina séð hafa nemendurnir minni reynslu af skipulögðu íþróttastarfi en áður.

Viðhorf nemenda í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands til námsins

10. Á árinu 2013 voru þáverandi og fyrrverandi nemendur í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands meðal ánægðustu nemenda skólans. Nemendur lýsa ánægju með námið og kennsluna og eru kennararnir í miklum metum hjá þeim.
11. Framboð á valáföngum hefur minnkað vegna fækkunar nemenda þar sem ekki næst að fylla upp í lágmarksfjölda til að halda úti námskeiðum.
12. Nemendur telja að námið hafi ekki fylgt þróun og nýjum áherslum í íþróttum og þjálfun, m.a. hvað varðar aðstöðu og tækjabúnað. Námið hafi sterka ímynd sem „íþróttakennaraskóli“ sem höfðar síður til nemenda sem sækjast eftir námi í íþrótt- og heilsufræði á breiðum grunni.
13. Nemendur í grunnnámi að Laugarvatni telja að framhaldsnámið bjóði ekki upp á nægilegt val sem henti áhuga þeirra og þeir sækjast ekki endilega eftir íþróttakennararéttindum. Tæpur þriðjungur útskriftarnema úr grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði frá HÍ vorið 2015 innrituðu sig í framhaldsnám í greininni við skólann haustið 2015 (9 nemendur af 29).

14. Nemendur lýsa ákveðinni óánægju með aðstæður að Laugarvatni. Ekki sé pláss fyrir alla á heimavist og fjölskyldur þurfa að leigja á almennum markaði. Þá telja þeir sig vera settir hjá varðandi ýmsa þjónustu Háskóla Íslands og ekki vera jafnrétt háir öðrum nemendum skólans í Reykjavík.

Afdrif nýútskrifaðra íþróttافرæðinga

15. Íþróttافرæðingar eiga auðvelt með að fá vinnu og á árinu 2013 störfuðu um 90% þeirra í menntageiranum tveimur árum eftir útskrift. Um 65% íþróttافرæðinga starfa utan höfuðborgarsvæðisins, sem er mun hærra hlutfall en meðal annarra nemenda Háskóla Íslands. Sambærilegar tölur eru 38% meðal fyrrverandi nemenda Menntavísindasviðs og 24% Háskóla Íslands í heild.

Starfsfólk námsbrautar í íþróttافرæði og heilsufræði

16. Starfsmenn námsbrautar í íþróttافرæði og heilsufræði með starfsstöð að Laugarvatni eru 16 talsins, 11 eru fastir kennarar og 5 eru aðrir starfsmenn.
17. Kennarar í föstu starfi við námsbraut í íþróttافرæði og heilsufræði eru öflugir og vel menntaðir og eru margir þeirra með sterkan rannsóknabakgrunn. Sex þeirra eru með doktorsgráðu.
18. Fimm af 11 föstum kennurum námsbrautar í íþróttافرæði og heilsufræði hafa fasta búsetu að Laugarvatni og af þeim búa tveir í eigin húsnæði en þrír leigja húsnæði af Háskóla Íslands (þar af ein hjón). Starfsfólk í öðrum störfum en kennslu býr að Laugarvatni. Tveir kennarar hafa nýverið flust búferlum til höfuðborgarsvæðisins.

Staðsetning náms í íþróttافرæði og heilsufræði

19. Skortur á framtíðarsýn um nám í íþróttافرæði og heilsufræði, fyrir starfseminu og mannvirki að Laugarvatni, hefur að mati margra viðmælenda leitt til stöðnunar, bæði hvað varðar skipulag námsins og aðstöðu að Laugarvatni. Kennarar og nemendur kalla eftir endanlegri ákvörðun háskólayfirvalda um framtíðarstaðsetningu grunnnáms í íþróttافرæði og heilsufræði.
20. Starfsemi námsins á tveimur stöðum hefur áhrif á möguleika nemenda á vali og tækifæri þeirra til að vera hluti af stærra lærdómssamfélagi á Menntavísindasviði.
21. Kennarar lýsa ákveðnum óþægindum vegna keyrslu á milli starfsstöðva, ekki síst í þeim vetrarveðrum sem ríktu síðastliðinn vetur.
22. Staðsetning grunnnáms að Laugarvatni gæti valdið því að einhverjir af núverandi kennurum hætti störfum við námsbrautina og gæti staðið í vegi fyrir nýliðun kennara. Að sama skapi gæti flutningur námsins til Reykjavíkur valdið róti meðal kennara sem búa að Laugarvatni um áframhaldandi störf.
23. Staðsetning námsins að Laugarvatni hefur ýmsa kosti. Fyrir utan fallett umhverfi, ágæta aðstöðu til íþróttaiðkunar (þótt þörf sé á endurbótum) og sterka samheldni nemenda sem búa í heimavist, eru að Laugarvatni miklir möguleikar til útivistar sem eru mikilvægir fyrir námið.
24. Starfsemi Háskóla Íslands að Laugarvatni er mikilvæg fyrir staðinn og skapar afleidd störf. Ef háskólastarfsemi yrði lögð niður væri ákveðnum stöðum kippt undan samfélaginu en líkur eru á að ferðaþjónusta kæmi að nokkru leyti í staðinn fyrir háskólastarfseminu.
25. Sveitarstjórnarmenn telja að sveitarfélagið gæti í auknum mæli stutt við starfsemi námsbrautar í íþróttافرæði og heilsufræði að Laugarvatni, m.a. með því að stuðla að auknum almenningsamgöngum til staðarins og bæta aðstöðu til útivistar. Sveitarfélagið hefur nýtt íþróttaaðstöðu HÍ að Laugarvatni fyrir íbúa og greitt aðstöðugjald fyrir notkun þess.

26. Verði ákveðið að setja á fót nám í íþrótt- og heilsufræði við Háskólann á Akureyri gæti það leitt til að enn drægi úr aðsókn í nám í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands þar sem allmargir nemendur að Laugarvatni eru utan af landi, þar af nokkur hluti að norðan.

Byggingar og mannvirki að Laugarvatni

27. Mannvirki Háskóla Íslands að Laugarvatni eru alls um átta þúsund fermetrar að stærð. Þetta er skólahúsnæði og heimavist, þrjú íbúðarhús, íþróttahús, sundlaug og íþróttamiðstöð, auk íþróttavallar. Sum húsanna eru leigð út allt árið eða hluta úr ári til aðila sem tengjast ferðaþjónustu eða til íþróttastarfsemi og hefur skólinn tekjur af því.

28. Aðstaða til íþróttaiðkunar að Laugarvatni er góð en þarfnast endurnýjunar.

29. Ef starfsemi námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði yrði flutt frá Laugarvatni til Reykjavíkur losnaði um húsnæði skólans þar. Sala þess gæti hugsanlega skapað skólanum tekjur sem má m.a. nýta til eflingar á námi, aðstöðu og rannsóknum í íþrótt- og heilsufræði innan skólans. Slíkt er þó ekki í hendi.

Fjármál

30. Gjöld umfram tekjur úr kennslu- og rannsóknalíkani námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði hafa farið vaxandi. Að óbreyttu er ljóst að námsbrautin verður rekin með enn meira tapi í náinni framtíð. Til að tekjur og gjöld skv. núverandi reiknilíkani verði í jafnvægi þarf að lágmarki 120 nemendur í grunnnámið.

31. Á árunum 2009-2014 voru gjöld umfram tekjur vegna reksturs og viðhalds fasteigna alls tæplega 190 m.kr.

32. Nemendaígildi í grunn- og framhaldsnámi á árinu 2014 voru 103 en hefðu þurft að vera a.m.k. 149 til að gjöld og tekjur (úr kennslu- og rannsóknalíkani) námsbrautarinnar væru í jafnvægi. Þá er ekki tekið tillit til aukins kostnaðar sem hlotist hefði af auknum nemendafjölda.

3. Tillögur

Skýrsluhöfundar setja upp fjórar sviðsmyndir um framtíð náms í íþrótt- og heilsufræði innan Háskóla Íslands og leggja til þrjá valkosti sem er raðað eftir fýsileika í þeirri röð sem hér er greint.

Valkosti nr. 4, um að nám í íþrótt- og heilsufræði verði lagt niður sem námsgrein við Háskóla Íslands, er hafnað.

1. Grunnám í íþrótt- og heilsufræði verði flutt til Reykjavíkur og skipulagt í samstarfi við Háskólann á Akureyri.
2. Grunnám í íþrótt- og heilsufræði verði flutt til Reykjavíkur.
3. Grunnám í íþrótt- og heilsufræði verði áfram að Laugarvatni en með breyttu sniði.
4. Nám í íþrótt- og heilsufræði verði lagt niður sem námsgrein við Háskóla Íslands.

Við mat á sviðsmyndunum voru m.a. hafðir til hliðsjónar möguleikar á að auka aðsókn nemenda í íþrótt- og heilsufræði, bæta námið og stuðla að hagkvæmari rekstri en nú er, auk þess sem stjórn mála gegir þættir voru til skoðunar. Í kafla 13 um sviðsmyndir eru þessar tillögur nánar skýrðar.

4. Nám í íþróttfræði á Íslandi

Nám í íþróttfræði á Íslandi hófst á árinu 1932 þegar Björn Jakobsson stofnaði íþróttaskóla að Laugarvatni. Var skólinn forveri Íþróttakennaraskóla Íslands sem var stofnaður 1943 að Laugarvatni í kjölfar þess að íþróttalög voru sett á Alþingi á árinu 1940. Námslengd til íþróttakennararéttinda var í upphafi 9 mánuðir og var það þannig til ársins 1972 þegar það var lengt í tveggja ára nám á framhaldsskólastigi með kröfu um 70 klukkustunda starfsreynslu við íþróttakennslu milli skólaára. (Sjá viðauka 1. Ágrip af sögu skólstarfs að Laugarvatni.)

Við sameiningu fjögurra skóla (Íþróttakennaraskóla Íslands, Fósturskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands) undir merki Kennaraháskóla Íslands í ársbyrjun 1998 færðist íþróttakennaranámið af framhaldsskólastigi á háskólastig. Haustið 1998 innrituðust fyrstu nemendurnir í þriggja ára B.Ed.-nám í íþróttfræðum við íþróttaskor Kennaraháskóla Íslands að Laugarvatni en það varð síðar þriggja ára nám í íþrótt- og heilsufræði til bakkalárgráðu. Við þessa breytingu gátu útskrifaðir nemendur jafnframt kallað sig íþróttfræðinga en fram að því höfðu þeir fengið starfsréttindi sem íþróttakennarar.⁷

Frá 2001 hefur verið boðið upp á 60 eininga námsleið, viðbótarnám, fyrir íþróttakennara sem brautskráðust frá Íþróttakennaraskóla Íslands fyrir 1998 til að ljúka BS-gráðu.

Meistaránám í íþrótt- og heilsufræði var sett á laggirnar haustið 2006 í samstarfi við Háskóla Íslands.⁸

1932 Björn Jakobsson stofnar íþróttaskóla að Laugarvatni.	1940 Íþróttalög sett á Alþingi.	1943 Íþróttakennaraskóli Íslands stofnaður að Laugarvatni. Námslengd 9 mánuðir.	1972 Nám við Íþróttakennaraskóla Íslands lengt í tveggja ára nám á framhaldsskólastigi.	1998 KHÍ stofnaður. Íþróttakennaraskor KHÍ að Laugarvatni býður upp á þriggja ára B.Ed nám í íþróttfræðum. Stuttu síðar boðið upp á þriggja ára nám í íþrótt- og heilsufræðum.
2001 Boðið upp á námsleið fyrir íþróttakennara útskrifaðir fyrir 1998 til að ljúka BS-gráðu.	2005 Háskólinn í Reykjavík setur á fót nám í íþrótt- og heilsufræði.	2006 Meistaránám í íþrótt- og heilsufræðum sett á laggirnar í samstarfi við HÍ.	2007 Nám í íþrótt- og heilsufræði á framhaldsskólastigi í boði hjá Íþróttakademíu Keilis.	2008 KHÍ og HÍ sameinast. Íþróttakennaranám lengt úr 3 í 5 ár.

Á árinu 2008 sameinuðust Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands undir nafni Háskóla Íslands og um sama leyti var íþróttakennaranám lengt í 5 ár, 3 ár til bakkalárgráðu og 2 ár til viðbótar til meistaragráðu sem veitti kennararéttindi. Íþrótt- og heilsufræði varð ein af þremur námsbrautum Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar. Grunnám í íþrótt- og heilsufræði hefur frá upphafi verið staðsett að Laugarvatni en framhaldsnám á meginstarfsstöð Menntavísindasviðs við Stakkahlíð.

Nám í íþrótt- og heilsufræði er nú 180 eininga grunnám til BS-gráðu og 120 eininga framhaldsnám til M.Ed.- eða MS-gráðu. Í grunnnámi sérhæfa nemendur sig á öðru tveggja mismunandi kjörsviða, þ.e. kjörsviðinu *Kennari* eða kjörsviðinu *Þjálfari*. Þeir fyrrgreindu ljúka 80 einingum í uppeldis- og kennslufræði og 100 einingum í faggreinum. Þeir sem ljúka námi af kjörsviðinu *Þjálfari* ljúka 50 einingum í uppeldis- og kennslufræði og 130 einingum í faggreinum.

Í M.Ed.-námi eru nemendur sérstaklega búnir undir íþróttakennslu í grunnskólum og ljúka þeir 40 einingum í uppeldis- og kennslufræði og 80 einingum í faggreinum. Í MS-námi eru nemendur búnir undir

⁷ Sigurbjörn Árni Arngrímsson (2012). Íþróttakennara- og íþróttfræðinám að Laugarvatni fyrr og nú. *Uppeldi og menntun* 21 (2) 2012, bls. 171-175.

⁸ Morgunblaðið (2006). *Ný námsleið í boði hjá Íþróttfræðasetri KHÍ að Laugarvatni. Meistaránám í íþrótt- og heilsufræði*. Viðtal við dr. Erling Jóhannsson, birt í Morgunblaðinu 13. mars 2006. Tekið af vefnum 26. febrúar 2015, <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1071386/>.

frekara nám í íþrótt- og heilsufræði, auk frekari sérhæfingar á sviði þjálfunar. Í MS-námi er hægt að ljúka 10 einingum til viðbótar í uppeldis- og kennslufræði og þá er hægt að sækja um leyfisbréf sem kennari í framhaldsskóla. Meistaránám í íþrótt- og heilsufræði er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs og Heilbrigðisvísindasviðs.⁹

Heilbrigði og heilsuuppeldi er 30 eininga fræðilegt og starfstengt diplómanám fyrir þá sem lokið hafa BA, B.Ed.- eða BS-prófi. Námið er ætlað þeim sem starfa við kennslu í leik-, grunn- eða framhaldsskólum, við þjálfun, endurhæfingu, að forvörnum eða við önnur sambærileg störf á sviði heilbrigðis- og menntamála. Að loknu námi geta nemendur sótt um meistaránám í íþrótt- og heilsufræði til M.Ed.-/MS-prófs.¹⁰

Menntun íþrótt- og heilsufræðinga og íþróttakennara við Háskóla Íslands miðar að því að þeir sinni þremur meginstarfssviðum: íþróttakennslu og líkamsrækt innan grunn- og framhaldsskóla, þjálfun innan íþróttahreyfingarinnar og kennslu íþróttar og hreyfingar á hinum frjálsa markaði, s.s. innan líkams- og heilsuræktarstöðva, svo og við æskulýðsstörf og félagsmálastörf.^{11, 12}

Nemendur við Háskóla Íslands greiða skráningargjöld fyrir skólaárið sem nemur nú 75 þúsund krónum.

Háskóli Íslands á í samkeppni við tvo aðra skóla um nemendur sem hafa áhuga á að nema íþrótt- og heilsufræði: annars vegar Háskólann í Reykjavík og hins vegar Íþróttakademíu Keilis.

Háskólinn í Reykjavík tók fyrst inn nemendur í íþróttufræði innan Kennslufræði- og lýðheilsudeildar haustið 2005, í fyrstu í samstarfi við Íþróttakademíuna í Reykjanesbæ. Nú er námið innan Tækni- og verkfræðideildar og er boðið upp á þriggja ára nám í íþróttufræði til B.Sc.-gráðu á fjórum námsbrautum (íþróttakennarabraut, íþróttþjálfunarbraut, líkamsræktarbraut og lýðheilsabraut) sem hefur markaðslega jákvæð áhrif á ungmenni, þótt ekki sé í raun mikill munur á skyldunámsgreinum í þessum fjórum námsbrautum. Þá býður skólinn upp á tvær meistaránámsbrautir í íþróttufræði sem lýkur með M.Sc.-prófi í íþróttavísindum og þjálfun eða M.Ed.-prófi í heilsuþjálfun og kennslu. Hin síðarnefnda veitir kennararéttindi á grunn- og framhaldsskólastigi.¹³

Það að íþróttufræðinám við Háskólann í Reykjavík fer fram á höfuðborgarsvæðinu virðist henta nemendum sem stunda þjálfun og keppnisíþróttir samhliða námi sérstaklega vel.

Nemendur Háskólans í Reykjavík greiða skólagjöld, sem á næsta skólaári, 2015-2016, eru 214 þúsund krónur á önn fyrir grunnnám og 366 þúsund krónur á önn fyrir framhaldsnám.¹⁴

Íþróttakademía Keilis (ÍAK) er einn af fjórum skólum innan Keilis, sem hefur aðsetur á Ásbrú í Reykjanesbæ, á fyrrverandi varnarsvæði bandaríska hersins. Keilir er hlutafélag, stofnað vorið 2007 og á Háskóli Íslands 25% hlut í félaginu.

Í Íþróttakademíu Keilis er boðið upp á þrjár námslínur: ÍAK-einkaþjálfari, ÍAK-styrktarþjálfari og leiðsögunám fyrir ævintýraferðir (Adventure Sports Certification). Tvær fyrstnefndu námsleiðirnar eru tveggja anna nám og veita 60 framhaldsskólaeiningar. Báðar námsleiðirnar eru viðurkenndar af menntamálaráðuneytinu og eru lánshæfar hjá LÍN skv. reglum sjóðsins. Leiðsögunám fyrir ævintýraferðir er tveggja anna nám á háskólastigi og gefur 60 ECTS-einingar.

⁹ Í Árbók Háskóla Íslands 2013 (óbirt).

¹⁰ http://www.hi.is/sites/default/files/admin/meginmal/skjol/hi_menntavis_ithrheilsufr_feb13.pdf.

¹¹ [Kynningarbæklingur Háskóla Íslands um nám í íþrótt- og heilsufræði.](#)

¹² Kristján Þór Magnússon (2012). Hreyfing í fortíð, nútíð og framtíð: Yfirlit og vangaveltur um þróun og stöðu íþrótt- og heilsufræða innan Háskóla Íslands. *Uppeldi og menntun* 21 (2) 2012, bls. 165-169.

¹³ <http://www.ru.is/tvd/ithrottafraedi/>.

¹⁴ Heimasiða Háskólans í Reykjavík, http://www.ru.is/media/almennt/Skolagjold_2015-2016.pdf.

Tekið af vefnum 24. mars 2015.

Einkaþjálfaranámið á rót sína að rekja í Íþróttakademíuna í Reykjanesbæ, sem var þar um skeið en var síðan flutt í Keili fljótlega eftir að því var komið á fót. Námið miðar að því að nemendur öðlist þekkingu á heilbrigði einstaklingsins og geti búið til einstaklingsmiðaðar þjálfunaráætlanir á sviði styrktar- og þolþjálfunar. Lögð er áhersla á samstarf einkaþjálfara við sjúkrapjálfa og íþróttþjálfara.

Styrktarþjálfaranámið miðar að því að nemendur öðlist hæfni til að sjá um styrktar- og ástandspjálfun íþróttafólks á afreksstigi og geti búið til einstaklingsmiðaðar æfingaáætlanir fyrir íþróttamenn og -lið með það að markmiði að hámarka getu þeirra og lágmarka hættu á meiðslum. Námið er byggt upp að bandarískri fyrirmynd. Einkaþjálfarar, íþróttafraeðingar, sjúkrapjálfarar og aðrir með viðeigandi grunnenntun geta fengið allt að helmingi námsins metið.

Leiðsögunám fyrir ævintýraferðir er kennt í samstarfi við Thompson Rivers University í Kanada. Þetta er tveggja anna nám á háskólastigi sem hófst haustið 2013. Í náminu er farið í þætti sem tengjast beint afþreyingarferðapjónustu á Íslandi, svo sem sjó- og straumkajakferðum, fjallamennsku og flúðasiglingum, ísklifri, jöklaferðum og gönguleiðsögn. Námið fer fram á ensku.

Nám í Keili er kennt í fjarnámi og staðnámi að meðaltali tvær helgar í mánuði. Öll námsgögn og samskipti milli kennara og nemenda fara fram í kennslu- og samskiptaforritinu Moodle. Þetta námsfyrirkomulag hentar sérstaklega þeim sem stunda þjálfun og keppnisíþróttir samhliða námi og vilja afla sér tiltekinna réttinda sem þykja eftirsóknarverð. Nemendur greiða tæplega 10 þúsund krónur fyrir hverja námseiningu. Kostnaður fyrir 60 eininga nám, sem tekur tvær annir, er því um 600 þúsund krónur.^{15, 16}

Mat á námi í íþrótt- og heilsufræði við íslenska skóla liggur ekki fyrir en nokkrir viðmælenda við gerð þessarar skýrslu lögðu til að slíkt yrði gert.

Í samtölum við starfslíð og nemendur námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði var m.a. rætt um þau sóknarfæri sem tengjast skipulagi námsins og væru til þess fallin að koma betur til móts við væntingar og kröfur nemenda. Þessi voru helst nefnd:

1. Auka samstarf við aðra háskóla í landinu um nám í íþrótt- og heilsufræði.
2. Breyta náminu í blandað nám, þá kæmi afreksfólk frekar í námið. Það væri í anda annars náms á Menntavísindasviði.
3. Bjóða upp á styttra nám, diplómanám, fjarnám, blandað nám, námskeið og fleiri „pakka“ á háskólastigi.
4. Útskrifa íþróttakennara með lokapróf af tveimur kjörsviðum og auka tengsl við annað kennaranám.
5. Nýta sér fjölbreytileika námsframboðs hjá Háskóla Íslands og auka sveigjanleika í námi með tengingu við aðrar greinar skólans, t.d. greinar í heilbrigðisvísindum, s.s. lýðheilsufræði, sjúkrapjálfun, og einnig ferðamálafræði.
6. Leggja aukna áherslu á tengsl íþróttar og lýðheilsu í skipulagi námsins.

5. Þróun nemendafjölda í íþrótt- og heilsufræði

Aðsókn nemenda í grunnám í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands hefur minnkað umtalsvert á síðustu árum. Á árinu 1998 voru um 150 manns umsækjendur um námið en 36 nemendur voru valdir til inngöngu. Eftir aldamótin fækkaði umsækjendum en voru þó lengi á bilinu 80-90 og fengu þá 40-50 nemendur inngöngu í námið. Á árunum 2010-2014 voru umsækjendur um námið á bilinu 54 – 74 og fór fækkandi. Umsækjendur fyrir 1. ár á haustmíssi 2015 voru 37, en af þeim hófu 26 nemendur nám.¹⁷ Frá skólaárinu 2010-2011 hafa allir umsækjendur um námið fengið inngöngu. Straumhvörf urðu í aðsókn

¹⁵ Heimasíða Íþróttakademíu Keilis, <http://www.keilir.net/iak>. Tekið af síðunni 17. mars 2015.

¹⁶ Viðtal við Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóra Keilis, 17. mars 2015.

¹⁷ Skv. upplýsingum frá skrifstofu Menntavísindasviðs 1. september 2015.

að náminu á árinu 2005 þegar íprótta- og heilsufræðibraut var sett á laggirnar við Háskólann í Reykjavík en tilkoma hennar leiddi til enn frekari fækkunar umsókna nemenda í námið að Laugarvatni. Sömu áhrif hafði lenging náms til kennararéttinda úr þremur árum í fimm.

Vorið 2015 útskrifuðust 29 nemendur með BS gráðu í íprótta- og heilsufræði frá Háskóla Íslands. Í byrjun haustmisseris 2015 hófu 26 nýnemar nám í greininni, 13 nemendur voru skráðir á annað ár og 18 nemendur á þriðja ár. Á haustmisseri 2015 eru því alls 57 nemendur í grunnnámi í íprótta- og heilsufræði að Laugarvatni.

Mikið brottfall er meðal nemenda, sem er breyting frá því sem áður var. Þannig hófu 22 nemendur nám í íprótta- og heilsufræði haustið 2014, en nú eru 13 nemendur skráðir á 2. ár. Að sama skapi hófu 30 nemendur nám haustið 2013 en nú eru 18 nemendur á þriðja og síðasta ári námsins og eru þeir skráðir 2013 eða fyrr.¹⁸

Tafla 1. Innritaðir nemendur íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar á vormisseri 2010-2015

Íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Diplómanám	20	19	22	18	0	13
Grunnnám	407	388	367	370	366	356
<i>Íprótta- og heilsufræði (og ípróttafræði)</i>	124	111	91	97	90	73
<i>Tómsunda- og félagsmálafræði</i>	66	77	105	98	112	131
<i>Þroskaþjálfufræði</i>	217	200	171	175	164	152
Viðbótarnám	5	1	0	21	13	4
Framhaldsnám	73	70	83	87	90	81
<i>Íprótta- og heilsufræði</i>	49	39	50	54	56	57
<i>Tómsunda- og félagsmálafræði</i>	8	16	19	17	23	18
<i>Þroskaþjálfufræði</i>	16	15	14	16	11	6
Alls	505	478	472	496	469	454

Í töflu 1 sést fjöldi innritaðra nemenda í íprótta-, tómsunda-, og þroskaþjálfanám á vormisseri 2010-2015 skv. heimasíðu Háskóla Íslands (m.v. 20. febrúar hvers árs). Skv. töflunni hefur nemendum í grunnnámi í íprótta- og heilsufræði fækkað um 40% frá febrúar 2010 til febrúar 2015 (úr 124 í 73), en um 54% miðað við fjölda nemenda á haustmisseri 2015 (úr 124 í 57) Nemendum í framhaldsnámi hefur á sama tíma fjölgað úr 49 í 57. Til samanburðar hefur nemendum í grunnnámi í tómsunda- og félagsmálafræði fjölgað um 100% en nemendum í grunnnámi í þroskaþjálfufræði fækkað um rúmlega fjórðung.

Tafla 2. Útskrifaðir nemendur úr íprótta- og heilsufræði/ípróttafræði við Háskóla Íslands 2009-2014

Grein/ár	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Grunnnám	27	29	44	28	24	29
<i>Íprótta- og heilsufræði/ípróttafræði (B.Ed.)</i>	3	13	18	2	1	2
<i>Íprótta- og heilsufræði/ípróttafræði (BS)</i>	24	16	26	26	23	27
Framhaldsnám	6	8	5	4	6	4
<i>Íprótta- og heilsufræði (M.Ed.)</i>	0	3	3	2	3	3
<i>Íprótta- og heilsufræði (MS)</i>	6	5	2	2	3	1

Skyndileg fækkun nemenda í íprótta- og heilsufræði að Laugarvatni síðustu árin var óvænt og í raun bundin við síðustu tvö ár ef horft er til töflu 2. Að meðaltali hafa 30 ípróttafræðingar verið útskrifaðir árlega síðustu fimm ár og vorið 2015 voru þeir 29 talsins, en miðað við núverandi fjölda nemenda á 2.

¹⁸ Skv. upplýsingum frá skrifstofu Menntavísindasviðs 1. september 2015.

og 3. ári grunnnáms munu að hámarki 18 nemendur útskrifast vorið 2016 og um 13 nemendur vorið 2017.

Gerð var athugun á fjölda umsækjenda í nám í íþrótt- og heilsufræði við Háskólann í Reykjavík og Íþróttakademíu Keilis.

Umsóknir í grunnnám í íþróttfræði við Háskólann í Reykjavík hafa hin síðari ár verið á bilinu 100-150 á ári en þeim fækkaði í kjölfar breytinga á kröfum um meistaranám til kennsluréttinda. Að jafnaði hafa um 55 umsækjendur fengið inngöngu á fyrsta ár í íþróttfræði við skólann. Umsóknir fyrir skólaárið 2015-16 voru nokkuð færri eða 80 og hefja 48 nýnemar nám í greininni á haustönn 2015.¹⁹ Umsækjendur um grunnnám í íþróttfræði í Háskólanum í Reykjavík taka inntökupróf sem samanstendur m.a. af sundi, boltagreinum, styrktaræfingum, þolprófi og viðtali. Við mat á umsóknum er jafnframt tekið tillit til einkunna á stúdentsprófi eða frumgreinaprófi Háskólans í Reykjavík, frekari menntunar, starfsreynslu, þátttöku í félagsstörfum og áhugamálum.

Skólaárið 2014-2015 voru um 170 nemendur í grunnnámi í íþróttfræði. Að auki stunda tæplega 20 nemendur meistaranám til M.Sc.- eða M.Ed.-gráðu við skólann.^{20, 21}

Frá árinu 2008 hafa 443 útskrifast frá Íþróttakademíu Keilis sem ÍAK-einkaþjálfarar og 15 hafa útskrifast sem ÍAK-íþróttþjálfarar en það nám er ekki lengur í boði. Þá hafa 10 manns útskrifast sem ÍAK-styrktarþjálfarar, sem er nýtt nám og eingöngu einn hópur hefur lokið því námi. Skólaárið 2014-2015 voru 60 nemendur í ÍAK-einkaþjálfun, 15 nemendur í ÍAK-styrktarþjálfun og 15 nemendur í ævintýraleiðsögunáminu, alls 90 nemendur.²²

Með tilkomu náms í íþróttfræðum við Háskólann í Reykjavík fækkaði ekki aðeins nemendum að Laugarvatni, eins og að framan er greint, heldur breyttist jafnframt samsetning nemendahópsins þar. Afreksíþróttafólki, bæði í einstaklingsíþróttum og hópíþróttum, hefur fækkað í náminu að Laugarvatni og fáir nemendur eru af höfuðborgarsvæðinu. Nemendur þar eru velflestir af landsbyggðinni og hafa að jafnaði minni reynslu af skipulögðu íþróttastarfi en áður.

Ýmsar skýringar eru á fækkun nemenda í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni og komu þær m.a. til umræðu í viðtölum nefndarmanna við starfsfólk og nemendur. Þessar skýringar eru helstar nefndar:

1. Mikill áhugi er á námi í íþrótt- og heilsufræðum meðal ungmenna, en staðsetning námsins að Laugarvatni er talin fráhrindandi vegna fjarlægðar frá fjölskyldu og vinum, jafnframt sem nemendur nefna takmarkaða möguleika til afþreyingar utan skóla og til launaðra starfa með námi. Þeir sem standa að námskynningum á vegum Háskóla Íslands hafa bent á nemendur sýni mikinn áhuga á námi í íþrótt- og heilsufræði en að staðsetning námsins standi í vegi fyrir því að sá áhugi skili sér í umsóknum um námið við Háskóla Íslands.
2. Síauknar kröfur, sem gerðar eru til afreksíþróttafólks um skipulegar æfingar undir leiðsögn þjálfara, gera þessum hópi erfitt fyrir að stunda skólanám sem er landfræðilega fjarri þjálfunaraðstöðu. Að auki samræmist skipulag námsins sem staðnám illa kröfum nemenda um svigrúm til íþróttþjálfunar í keppnisgrein sinni samhliða námi.
3. Samkeppni við Háskólann í Reykjavík, fyrst og fremst vegna staðsetningar hans í Reykjavík.
4. Samkeppni við Íþróttakademíu Keilis þar sem boðið er upp á styttra nám til einkaþjálfararéttinda, sem margir leggja að jöfnu við nám í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni, auk þess sem boðið er upp á blandað²³ nám hjá Keili, sem hentar nemendum vel.
5. Fækkun nemenda er í samræmi við fækkun í öðru kennaranámi á Menntavísindasviði eftir að það var lengt í fimm ár til að öðlast kennararéttindi.

¹⁹ Skv. samtali við Hafrúnu Kristjánsdóttur, sviðsstjóra íþróttfræðisviðs Háskólans í Reykjavík, 14. ágúst 2015.

²⁰ Skv. samtali við Hafrúnu Kristjánsdóttur, sviðsstjóra íþróttfræðisviðs Háskólans í Reykjavík, 27. febrúar 2015.

²¹ <http://www.ru.is/tvd/ithrottafraedi/>.

²² Skv. upplýsingum frá Hjálmarí Árnasyni, framkvæmdastjóra Keilis og Björk Guðnadóttur hjá Keili 17.- 18. mars 2015.

²³ Blandað nám er blanda af fjarnámi og staðnámi og getur lotukennsla verið hluti af því

6. Skipulag og samsetning námsins er ekki í samræmi við væntingar nemenda. Nemendur hafa áhuga á námi í íþrótt- og heilsufræði og að starfa við fagið á breiðum grunni. Þeir hafa síður áhuga á að bæta við sig tveimur árum í meistaranámi til að öðlast íþróttakennararéttindi.
7. Þrátt fyrir að námið sé fræðilega og faglega sterkt og með fjölda vel menntaðra kennara hefur námið ekki sterka ímynd.
8. Ólíkt öðru kennaranámi við Menntavísindasvið fá nemendur eingöngu réttindi á einu kjörsviði en ekki tveimur og það skerðir atvinnumöguleika þeirra.

6. Viðhorf nemenda í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands til námsins

Félagsvísindastofnun gerir reglulega viðhorfskönnun meðal nemenda á öðru ári í deildum Háskóla Íslands um ánægju þeirra með námið. Að beiðni nefndarinnar tók stofnunin saman niðurstöður fyrir nemendur í íþrótt- og heilsufræði um nokkrar valdar spurningar fyrir árin 2011-2013. Sambærilegar tölur liggja fyrir um viðhorf nemenda Menntavísindasviðs í heild annars vegar og nemenda Háskóla Íslands í heild hins vegar.²⁴ Ekki liggja fyrir sundurgreindar upplýsingar um viðhorf 2. árs nemenda í íþrótt- og heilsufræði sem aflað var vorið 2015 þegar þetta er ritað í ágúst 2015.

Tafla 3. Viðhorf nemenda í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands til námsins árið 2013

Úr viðhorfskönnun	Íþrótt- og heilsufræði	Menntavísindasvið (í heild)	Háskóli Íslands (í heild)
Mjög eða frekar ánægðir með námið	94%	93%	87%
Mjög eða frekar ánægðir með skipulag og stjórnun námsins	72%	68%	72%
Mjög eða frekar ánægðir með sérhæfðan búnað og aðstöðu	88%	61%	62%
Námið er mjög eða frekar krefjandi	89%	95%	92%
Frekar eða mjög auðvelt að samræma námið fjölskyldulífi	82%	68%	58%

Skv. niðurstöðum könnunar Félagsvísindastofnunar eru nemendur í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands meðal ánægðustu nemenda skólans árið 2013.

Í samtölum nefndarmanna við fulltrúa nemenda að Laugarvatni kom fram að þeir myndu mæla með náminu við aðra, þeir lýsa ánægju með námið og kennsluna og kennarar eru í miklum metum hjá þeim.

Á hinn bóginn hafa þeir áhyggjur af mikilli fækkun nemenda á síðustu tveimur árum sem hefur m.a. orðið til þess að valáföngum hefur fækkað, þar sem ekki næst að fylla upp í lágmarksfjölda til að halda úti námskeiðum. Það hefur leitt til þess að nemendur þurfa að velja fög sem eru ekki beinlínis innan áhugasviðs viðkomandi til að geta stundað fullt nám og fengið námslán. Jafnframt telja þeir að námið sé e.t.v. ekki nægilega aðlaðandi fyrir nemendur; það hafi ekki þróast í takt við þróun íþrótt- og nýjar áherslur, m.a. hvað varðar aðstöðu og tækjabúnað. Námið hafi sterka ímynd sem „íþróttakennaraskóli“ í huga þeirra sem sækjast eftir námi í íþrótt- og heilsufræði á breiðum grunni. Að sama skapi lýsa þeir áhyggjum af því að ímynd námsins sé ekki sterk, sem birtist m.a. í því að almenningur geri ekki greinarmun á einkaþjálfaranámi, sem kennt er við Keili á framhaldsskólastigi, og íþróttakennaranámi, sem er fimm ára háskólanám.

Nemendur lýsa áhugaleysi á framhaldsnámi; þeir sækist ekki eftir íþróttakennararéttindum og telja að í náminu sé ekki boðið upp á nægilegt val sem henti áhuga þeirra. Af 29 nemendum sem luku BS námi í íþrótt- og heilsufræði innrituðust 8 í MEd nám og 1 í MSc nám í greininni við Háskóla Íslands haustið 2015, eða tæpur þriðjungur nýútskrifaðra nemenda.²⁵

²⁴ University of Iceland. Survey on Student Satisfaction. Faculty of Sport, Leisure Studies and Social Education. Second year undergraduates. June 2013.

²⁵ Skv. upplýsingum frá skrifstofu Menntavísindasviðs 1. september 2015.

Í viðtölum við nemendur kom í ljós óánægja með aðstæður að Laugarvatni. Sumir búi í Reykjavík þar sem ekki sé pláss fyrir þá á heimavist á svæðinu, en hún er fullnýtt. Vert er að benda á í þessu sambandi að ekki er langt síðan að tvímennt var í herbergi í heimavistinni, en í dag eru þetta einkaherbergi. Þá er takmarkað framboð af öðru húsnæði að Laugarvatni og nágrenni. Áður hafi nemendum staðið til boða að leigja herbergi í þremur húsum á vegum byggingarfélags námsmanna en leigan hafi verið of há. Síðar var þetta húsnæði selt eða leigt ferðapjónustuaðilum en það hefur leitt til þess að nemendur hafa ekki aðgang að því til leigu á starfstíma skólans yfir veturinn.

Í samtölum við nemendur kom einnig fram að nemendur að Laugarvatni telja sig vera setta hjá varðandi ýmsa þjónustu Háskóla Íslands og þeim finnst þeir ekki vera hluti af samfélagi skólans né jafnréttsháir öðrum nemendum skólans sem eru í Reykjavík. Til að fá fullnægjandi þjónustu þurfa þeir að leita til Reykjavíkur og jafnvel kemur fyrir að starfsmenn skólans þar viti ekki af starfsemi að Laugarvatni.

7. Afdrif nýútskrifaðra íþróttfræðinga

Félagsvísindastofnun gerði könnun árið 2013 meðal nemenda sem útskrifuðust árið 2011 úr Íþrótt-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeild. Þar kom fram að 94% nemenda sem höfðu útskrifast úr íþrótt- og heilsufræði 2011 voru á heildina ánægðir með nám sitt í samanburði við 85% nemenda á Menntavísindasviði almennt og 84% nemenda Háskóla Íslands almennt.²⁶

Um 88% fyrrverandi nemenda töldu að menntun þeirra í íþrótt- og heilsufræði frá Háskóla Íslands hafi nýst mjög eða frekar vel við að búa þá undir þau verkefni sem þeir hafa þurft að takast á við. Hið sama á við um 80% fyrrverandi nemenda sama árgangs á Menntavísindasviði og við Háskóla Íslands.

Þegar spurt var um viðfangsefni að námi loknu voru 89% í fullu starfi eða hlutastarfi, sem er sama hlutfall og innan Menntavísindasviðs en ívið hærra en meðal fyrrverandi nemenda sama útskriftarárgangs úr Háskóla Íslands almennt (84%).

Athygli vekur að 53% útskrifaðra íþrótt- og heilsufræðinga gengu ekki að atvinnu vísri eftir námslok og þurftu að hafa fyrir því að leita sér að vinnu, sem er mun hærra hlutfall en hjá sama árgangi að jafnaði á Menntavísindasviði (27%) og hjá Háskóla Íslands (33%). Líkleg skýring á þessu er að nemendur að Laugarvatni hafa takmarkaða möguleika á að tengjast starfsvettvangi meðan þeir eru í námi sökum búsetu þar.

Hærra hlutfall útskrifaðra úr íþrótt- og heilsufræði starfa í menntageiranum tveimur árum eftir útskrift, eða 88%, en almennt gildir um hlutfall útskrifaðra af Menntavísindasviði, eða 75%. Þá vekur það athygli að mun hærra hlutfall þeirra sem útskrifuðust úr íþrótt- og heilsufræði 2011 starfa utan höfuðborgarsvæðisins en fyrrverandi nemenda skólans almennt, eða 64%, þar sem hlutfallið er 38% sama árgangs sem útskrifuðust frá Menntavísindasviði og 24% frá Háskóla Íslands. Líklegast má rekja þetta til þess að flestir nemendur eru af landsbyggðinni þegar þeir skrá sig í námið og þeir leita þangað aftur eftir útskrift.

8. Starfsfólk grunnnáms í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni og rannsóknvirkni kennara

Fastir kennarar í íþrótt- og heilsufræði eru 11 talsins. Aðrir starfsmenn sem starfa við starfsstöð grunnnámsins að Laugarvatni eru umsjónarmaður og tveir starfsmenn í íþróttahúsi, auk tveggja starfsmanna á skrifstofu námsbrautarinnar þar. Á sumrin eru sérstaklega ráðnir 4-5 starfsmenn til starfa við sundlaugina, m.a. við afleysingar.

Af föstum kennurum á vormisseri 2015 eru tveir prófessorar, tveir dósentar, þrjú lektorar og fjórir aðjuntar. Sex eru með doktorsgráðu, einn er í doktorsnámi en aðrir eru með meistaraþáttu. Óhætt er

²⁶ University of Iceland. Survey on Student Satisfaction. Faculty of Sport, Leisure Studies and Social Education. Graduated students 2011. July 2013.

að segja að námsbrautin hafi á að skipa öflugum og vel menntuðu fólki og eru nokkur þeirra mjög öflug í rannsóknum.

Rannsóknavirkni kennara í íþrótt- og heilsufræði er eins og sést á töflu 4. Hún hefur frá 2011-2013 verið ívið meiri eða álíka og almennt innan Menntavísindasviðs og var yfir meðaltali rannsóknavirkni Háskóla Íslands í heild á árinu 2011.

Rannsóknir kennara og nemenda eru einkum stundaðar innan Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum, m.a. í þverfræðilegu samstarfi fræðimanna í öðrum deildum Háskóla Íslands, við aðra háskóla og stofnanir hérlandis og erlendis. Starfsemin er mjög virk og eru nokkur stór rannsóknaverkefni í gangi sem hafa fengið styrki úr innlendum og alþjóðlegum rannsóknasjóðum. Meistara- og doktorsnemum gefast tækifæri til að vinna innan rannsóknateyma við rannsóknir sínar.²⁷

Tafla 4. Rannsóknavirkni kennara í námsbraut í íþrótt- og heilsufræði í samanburði við Menntavísindasvið og Háskóla Íslands í heild

Rannsóknavirkni	2010	2011	2012	2013
Rannsóknastig – meðaltal HÍ	26,9	27,6	30,0	29,1
<i>Íþrótt- og heilsufræði</i>	15,5	28,2	25,7	21,9
<i>Menntavísindasvið</i>	21,2	22,5	23,7	22,8
Aflstig – meðaltal HÍ	18,3	16,4	19,1	18,6
<i>Íþrótt- og heilsufræði</i>	4,4	15,5	15,9	12,6
<i>Menntavísindasvið</i>	12,8	12,6	12,3	11,9

Nýverið fengu nokkrir kennarar námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði 30 milljóna króna styrk frá Rannís til rannsóknaverkefnisins „Heilsuhegðun ungra Íslendinga“ og er þetta 14. rannsóknastyrkurinn sem fræðimenn Háskóla Íslands að Laugarvatni fá frá Rannís á síðustu 10 árum og þar af hafa fimm verkefnisstyrkir verið til þriggja ára.

9. Staðsetning náms í íþrótt- og heilsufræði

Frá upphafi starfs Íþróttakennaraskóla Íslands að Laugarvatni hafa verið deildar meiningar um staðsetningu hans. Vilji Jónasar Jónssonar frá Hriflu réð þar úrslitum en einnig var haft til hliðsjónar að Íþróttaskóli Björns Jakobssonar var þegar að Laugarvatni og hefð var komin á námið þar. Í árána rás hefur reglulega spottið upp umræða um staðarval skólans, m.a. um hvort flytja ætti starfsemina til Reykjavíkur eða jafnvel til Akureyrar.^{28, 29} Í nýlegri grein sem birtist á vef Háskólans á Akureyri er það mál m.a. rakið. Þar segir m.a. að á árinu 2008 hafi starfshópur innan Háskólans á Akureyri skilað skýrslu um að setja slíka námsbraut á fót og hafi kennsluskrá verið skilað sumarið 2013 en stjórnvöld hafi ekki veitt þessum áformum brautargengi. Í greininni kemur jafnframt fram að miklar líkur séu á að Háskólinn á Akureyri fari af stað með slíkt nám.³⁰ Ljóst er að slík ákvörðun gæti dregið úr aðsókn í nám í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands þar sem nemendurnir að Laugarvatni eru velflestir utan af landi, ekki síst að norðan.

Á síðustu árum hefur nokkur umræða farið fram innan Háskóla Íslands um staðsetningu námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni og eru um hana skiptar skoðanir sem fyrr. Árið 2008 var samþykkt

²⁷ Árbók Háskóla Íslands 2013, óbirt.

²⁸ Sverrir Páll Erlendsson (1995). *Íþróttaháskóli Íslands á Akureyri*. Grein birt í Morgunblaðinu 19. apríl 1995.

²⁹ Sigurbjörn Árni Arngrímsson (2012). Íþróttakennara- og íþróttfræðinám að Laugarvatni fyrr og nú. *Uppeldi og menntun* 21 (2) 2012, bls. 171.

³⁰ *Íþróttakennaranám við Háskólann á Akureyri. Algerlega „út í hött“ segja Laugvetningar*. Birtist 10. mars 2015 í Landpóstinum, fréttavef fjölmiðlafræðinema við Háskólann á Akureyri. Tekið af vefnum 16. mars 2015, <http://www.landpostur.is/is/frettir/ithrottir/ithrottakennaranam-vid-haskolann-a-akureyri-algerlega-ut-i-hott-segja-laugvetningar>.

deiliskipulag á horni Hjarðarhaga og Suðurgötu um allt að 15 þúsund fermetra húsnæði fyrir Menntavísindasvið en þær hugmyndir voru lagðar til hliðar við efnahagshrunið, í bili að minnsta kosti.

Í samtölum við kennara í námsbraut í íþrótt- og heilsufræði kom fram að umræðan um staðsetningu námsins á síðustu árum hefur skapað ákveðna óvissu meðal kennara og nemenda og er kallað eftir endanlegri ákvörðun háskólayfirvalda um framtíðarstaðsetningu námsins. Skortur á framtíðarsýn um nám í íþrótt- og heilsufræði, fyrir starfseminu og mannvirki að Laugarvatni, hafi leitt til stöðnunar, bæði hvað varðar skipulag námsins og aðstöðu að Laugarvatni. Jafnframt hafa kennarar lýst þeirri skoðun sinni að stuðning stjórnenda Menntavísindasviðs skorti og þeir sýni jafnvel starfseminni að Laugarvatni tómlæti og láti hana afskiptalaus. Jafnframt sé starfsmönnum gefið takmarkað svigrúm til að taka ákvarðanir er varða starfseminu þar.

Skipting námsins, þar sem grunnnámið er að Laugarvatni en framhaldsnámið í Reykjavík, veldur því að ekki er sköpuð nægileg samfella í skipulagi námsins og að mati margra viðmælenda stendur þessi skipting í vegi fyrir þróun þess. Þá hafa komið fram ábendingar um að staðsetningin geti staðið í vegi fyrir þróun lærdómssamfélags námsbrautarinnar sem hluta stærri heildar Menntavísindasviðs og geti með því haft áhrif á valmöguleika nemenda í námi.

Um skeið var sú krafa gerð við ráðningu kennara að þeir byggju að Laugarvatni en það á ekki við lengur. Af 11 föstum kennurum námsbrautarinnar hefur nú tæpur helmingur, eða fimm kennarar, fasta búsetu að Laugarvatni. Þrír búa í húsnæði sem þeir leigja af Háskóla Íslands (þar af ein hjón). Starfsfólk námsbrautarinnar í öðrum störfum en kennslu býr að Laugarvatni. Tveir kennarar hafa nýverið flust búferlum á höfuðborgarsvæðið. Aðrir kennarar fara á milli höfuðborgarsvæðisins og Laugarvatns til að sinna kennslu. Þeir lýsa ákveðnum óþægindum vegna þessa aksturs, ekki síst í þeim vetrarveðrum sem ríktu síðasta vetur. Það fari mikill tími í akstur og fyrirkomulagið sé ekki fjölskylduvænt. Jafnframt lýstu nokkrir af kennurum námsbrautarinnar áhyggjum sínum af því að staðsetning skólans standi í vegi fyrir nýliðun kennara og að auki sé hætt á að einhverjir af núverandi kennurum hætti störfum við námsbrautina af þessum sökum.

Það er mat flestra viðmælenda sem skýrsluhöfundar ræddu við að staðsetning námsins að Laugarvatni hafi ákveðna kosti þrátt fyrir að margir telji hana vera einn stærsti þátturinn í því að dregið hefur úr aðsókn í námið. Fyrir utan fallett umhverfi, ágæta aðstöðu til íþróttaiðkunar (þótt þörf sé á endurbótum) og sterka samheldni nemenda sem búa í heimavist séu þar miklir möguleikar til útivistar, sem séu mikilvægir fyrir námið og myndu tapast við flutning frá staðnum.

Í viðtölum við heimamenn að Laugarvatni, m.a. sveitarstjórnarmenn og skólameistara Menntaskólans að Laugarvatni, kom fram að þeir leggja ríka áhersla á mikilvægi starfsemi Háskóla Íslands í sveitarfélaginu. Hún sé ríkur þáttur í mynd staðarins sem skólasamfélags, þar sem öll skólastig eru til staðar, frá leikskóla til háskóla. Ef háskólastarfsemi að Laugarvatni yrði lögð niður væri stóðum kippt undan öðru skólastarfi á staðnum. Til að mynda sækja börn nemenda og kennara Háskóla Íslands leikskóla og grunnskóla staðarins og veitir sveitarfélagið þeim afslátt af leikskólagjöldum. Áhöld eru um hvort fækkun barna sem því nemur leiði til forsendubrests í þeirri starfsemi að Laugarvatni. Þá eru starfsmenn skólans sem búa að Laugarvatni ákveðnir burðarstólpar í samfélaginu. Sveitarstjórnarmenn lýstu því yfir að ef til kæmi gæti sveitarfélagið í auknum mæli stutt við starfsemi námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni, m.a. með því stuðla að auknum almenningsgöngum til Laugarvatns og uppbyggingu svæðisins m.a. með göngustígum og hlaupabrautum. Þess má geta að sveitarfélagið greiðir aðstöðugjald fyrir notkun á sundlaug og annarri íþróttaaðstöðu sem er á vegum Háskóla Íslands fyrir íbúa.

Á hinn bóginn kom fram hjá mörgum viðmælendum að þótt flutningur starfsemi Háskóla Íslands að Laugarvatni yrði ákveðið högg fyrir samfélagið og atvinnulífið þar yrði það ekki rothögg. Ljóst er að þegar er mikill áhugi á húsnæði skólans að Laugarvatni til notkunar í ferðaþjónustu og auðvelt yrði fyrir ríkið að koma því í verð. Staðurinn hefði því möguleika á að styrkjast sem ferðamannastaður yrði starfsemi

Háskóla Íslands lögð niður. Samfélagið yrði hins vegar einsleitara við það að þjónustustarfsemi við ferðamenn yrði ráðandi.

10. Byggingar og mannvirki að Laugarvatni

Háskóli Íslands hefur yfir að ráða mannvirkjum af ýmsum toga að Laugarvatni sem alls eru um átta þúsund fermetrar að stærð (sjá nánar um stærðir húsnæðis í viðauka 3). Hér á eftir er gerð grein fyrir þessu húsnæði, nýtingu, ástandi og áformum um lagfæringar og uppbyggingu.



Skólahús og heimavist (merkt 1 á korti). Húsnæðið var tekið í notkun 1968. Í skólahúsinu eru kennslustofur fyrir bóklega kennslu, tölvuver, lesaöstaða, bókasafn, skrifstofa námsbrautarinnar, matsalur, eldhús, setustofa og heimavist sem getur hýst 32 nemendur í 30 herbergjum sem eru hvert um 20 m² að stærð. Ekki er pláss fyrir alla nemendur í heimavistinni. Áður fyrr var tvímennt í herbergjum en í dag eru gerðar kröfur um eins manns herbergi. Húsnæðið er leigt út á sumrin til Icelandair Hotels (áður Edduhótel). Nemendum sem ekki fá inni í heimavist stendur til boða að leigja herbergi í Íþróttamiðstöð (sjá nánar hér fyrir neðan) eða á frjálsum markaði að Laugarvatni eða í nágrenni. Eldhús og búnaður í herbergjum heimavistar þarfnast endurnýjunar. Á yfirstandandi ári hófust endurbætur á baðherbergjum í heimavist og voru áformaðar endurbætur á eldhúsi áður en hótelrekstur hófst sumarið 2015.

Íbúðarhúsnæði (merkt 2, 3 og 7 á korti). Íbúð merkt 7 á korti var byggð árið 1955 sem skólastjórabústaður. Húsin þrjú eru leigð kennurum námsbrautarinnar sem hafa fasta búsetu að Laugarvatni. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að gera nokkrar endurbætur á íbúðarhúsnæðinu við Bjarkarbraut (merkt 2 á korti) við Lindarbraut (merkt 3 á korti).

Íþróttahús og sundlaug (merkt 4 og 5 á korti). Íþróttamannvirki og aðstaða til að stunda sundíþróttir hefur lengi verið við lýði að Laugarvatni. Þannig var innilaug Héraðsskólans byggð 1929 en var síðan aflögð og hefur nú verið rifin. Útisundlaug sem nú er í notkun var byggð 1992.³¹ Fyrsta íþróttahúsið sem

³¹ Íþróttakennaraskóli Íslands 50 ára, frétt birt í Morgunblaðinu 27. júní 1992.

reis að Laugarvatni var sýningarskáli þjóðhátíðarinnar 1930 sem stóð við Alþingishúsið og var fluttur frá Reykjavík og reistur af nemendum í sjálfböðavinnu á bakka Laugarvatns 1932. Húsið var síðan notað sem trésmíðaverkstæði Héraðsskólans en var jafnað við jörðu 2007.^{32, 33} Á árinu 1946 reis íþróttahús³⁴ sem síðar var rífið og var núverandi íþróttahús tekið í notkun 1987.

Í íþróttahúsi og sundlaug fer fram verkleg kennsla. Aðstaðan er einnig nýtt og leigð af Menntaskólanum að Laugarvatni, Ungmennafélagi Laugdæla, Bláskógabyggð og af almenningi á svæðinu sem leigir aðstöðu til íþróttaiðkunar (í íþróttasal og tækjasal). Sundlaugin er nýtt sem almenningsundlaug allt árið um kring en er rekin alfarið af Háskóla Íslands. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að ráðist verði í að þetta þak og mála það og mála heita potta og gufubað, auk lagfæringa á hurðabúnaði og á tækjabúnaði í dæluhúsi.

Íþróttamiðstöð (merkt 6 á korti) er staðsett við íþróttavöllinn. Byrjað var að byggja húsið 1964 og var það fullklárað 1969. Í húsinu eru tvær íbúðir og er önnur nýtt sem starfsmannaíbúð fyrir starfsfólk Menntavísindasviðs og fyrir kennara sem búa utan svæðisins og þurfa næturstað til skamms tíma í senn. Undanfarin ár hefur húsnæðið verið leigt farfuglaheimilinu Dalseli að starfsmannaíbúðinni undanskilinni. Í húsinu er rými fyrir 90 gesti með sameiginlegu baðherbergi og eldhúsaðstöðu m.v. núverandi starfsemi. Leigusamningur við farfuglaheimilið tryggir Háskóla Íslands rými fyrir tólf nemendur í húsnæði farfuglaheimilisins að Dalbraut 10 (gamla pósthúsið, sjá nr. 11 á korti.) Skólaárið 2014-2015 nýta 10 nemendur sér þetta húsnæði. Á yfirstandandi ári verða lagfærðar frárennislagnir og gólfdukur í íþróttamiðstöðinni.

Íþróttavöllur (merkt 8 á korti). Á Íþróttavellinum er fjögurra brauta völlur sem er gerviefnisvöllur með hástökkssvæði, tveimur langstökksgryfjum, tveimur atrennubrautum fyrir spjótkast og tveimur kasthringjum. Grasvöllur (knattspyrnuvöllur) er svo innan hlaupabrautanna. Að auki er malbikaður harðvöllur og malarvöllur (sem að hluta hefur verið tekinn undir bílastæði) með þremur kasthringjum. Íþróttavöllurinn er nýttur af Háskóla Íslands á vorin og haustin í einn til tvo mánuði í senn og á sumrin er hann leigður út til íþróttafélaga.

Vert er að vekja athygli á að hluti af húsnæði og aðstöðu Háskóla Íslands að Laugarvatni er í raun í lítilli eða óverulegri notkun af hendi skólans en skólinn hefur umsjón með rekstri, viðhaldi og endurbótum á þessum eignum sínum og fær að einhverju leyti tekjur á móti eins og greint er frá í kafla um rekstur og viðhald fasteigna hér á eftir. Þar má t.d. nefna Íþróttamiðstöðina sem skólinn leigir út til rekstraraðila gegn ákveðnum skilyrðum eins og að framan er greint. Bent hefur verið á að þessi aðstaða er mikilvæg fyrir skólann verði fjölgun á nemendum við námsbrautina en sú fjölgun myndi þó kalla á verulegar endurbætur á húsnæðinu svo að það fullnægði nútímakröfum um aðstöðu, s.s. einbýli og sérbaðherbergi fyrir hvert herbergi. Þá er íþróttaaðstaða, þ.e. íþróttahús, íþróttavöllur og sundlaug, nýtt af heimafólki og ferðamönnum allt árið. Sérstök athygli er vakin á að íþróttavöllur nýtist skólanum aðeins 2-3 mánuði á ári en hann er leigður út til íþróttakeppni á sumrin.

Við flutning starfsemi námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði frá Laugarvatni til Reykjavíkur losnar um húsnæði skólans þar. Sala þess gæti hugsanlega skapað skólanum tekjur sem mætti m.a. nýta til eflingar á námi, aðstöðu og rannsóknum í íþrótt- og heilsufræði innan skólans, en slíkt er þó ekki í hendi.

³² Íþróttakennaraskóli Íslands 50 ára, frétt birt í Morgunblaðinu 27. júní 1992.

³³ Kristinn Kristmundsson (2008). *Laugarvatn. Skólasetur í anda Jónasar?* Árneshingur 9 (2008), bls. 19.

³⁴ Vilhjálmur Hjálmarsson (1978). *Íþróttakennaraskóli Íslands þarfnast aðhlyningar og verðskuldar hana.* Grein birt í Morgunblaðinu 18. nóvember 1978.

11. Rekstur og viðhald mannvirkja að Laugarvatni

Í samantektinni hér fyrir neðan má sjá tekjur og gjöld vegna reksturs og viðhalds húsnæðis og mannvirkja Háskóla Íslands að Laugarvatni. Um nánari sundurliðun talna má sjá í viðauka 2.

Tafla 5. Tekjur og gjöld vegna reksturs og viðhalds húsnæðis og mannvirkja Háskóla Íslands að Laugarvatni

Tekjur á verðlagi hvers árs	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Rekstur fasteigna	30.217.000	31.477.000	32.097.000	33.245.000	37.115.000	39.125.100
Tekjur samtals	30.217.000	31.477.000	32.097.000	33.245.000	37.115.000	39.125.100
Gjöld á verðlagi hvers árs	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Rekstur fasteigna	48.221.000	47.719.000	51.282.000	51.493.000	53.396.000	54.459.000
Viðhald húsnæðis	15.693.000	9.996.000	11.461.000	13.179.000	6.792.000	21.181.000
Viðhald lóða	1.714.000	899.000	582.000	505.000	527.000	537.000
Gjöld samtals	65.628.000	58.614.000	63.325.000	65.177.000	60.715.000	76.177.000
Mismunur tekna og gjalda	2009	2010	2011	2012	2013	2014
	-35.411.000	-27.137.000	-31.228.000	-31.932.000	-23.600.000	-37.051.900

Rekstur fasteigna á framkvæmda- og tæknisviði í miðlægrri stjórnsýslu Háskóla Íslands hefur með höndum rekstur allra mannvirkja í eigu háskólans að Laugarvatni. Í rekstri felst m.a. umsjón með húsnæði, þrif, sorphirða, rafmagn, öryggisbúnaður, tækjabúnaður í kennslustofum vegna bóklegrar kennslu o.fl. Að Laugarvatni starfar einn umsjónarmaður í fullu starfi auk tveggja starfsmanna í íþróttahúsi og sundlaug. Á sumrin er ráðið fólk til afleysinga í íþróttahúsi og sundlaug.

Viðhald mannvirkja og lóða er á ábyrgð bygginga- og tæknideildar á framkvæmda- og tæknisviði háskólans. Á allra næstu árum má gera ráð fyrir miklum útgjöldum vegna viðhalds og endurbóta á húsnæði og mannvirkjum Háskóla Íslands að Laugarvatni einkum vegna íþróttahúss (gólf), sundlaugar og ytra byrðis skóla- og íþróttahúss. Gera má ráð fyrir að kostnaður vegna þessa hlaupi á tugum milljóna króna.

Nefna má að um 11 brúttó m² eru á bak við hvern ársnema (nemendaígildi) fyrir Háskóla Íslands í heild sinni. Á Laugarvatni er talan hins vegar um 80 m² bak við hvern nemanda miðað við árið 2014 (um 8.000 m²/100 ársnema) en eitthvað lægri ef miðað er við árin á undan. Þessi tala er miklu hærri en þörf er á og helgast af aðstæðum á Laugarvatni. Hana mætti lækka umtalsvert t.d. ef skólinn væri ekki lengur með íþróttahúsið, sundlaugina né Íþróttamiðstöðina að Laugarvatni á sínum vegum en leigði í staðinn aðstöðu. Þá væri talan um 40 m²/ársnema. Engar fyrirætlanir eru þó um þetta.

Ekki hefur farið fram greining á aðstöðuþörf íþróttahúss og heilsufræðinnar en líklegt er að leigð yrði aðstaða fyrir verklega kennslu ef hún flyttist til Reykjavíkur. Þörfin fyrir aðstöðu eins og skrifstofur kennara, rannsóknnaðstöðu, kennslustofur og aðstöðu fyrir nemendur gæti verið af stærðinni 2.000 m². Gera má ráð fyrir að hún kostaði um einn milljarð króna ef reisa þyrfti húsnæðið. Ítrekað er að þetta hefur þó ekki verið metið ítarlega.

12. Fjármál

Heildarfjárveiting til deilda og námsbrauta við Háskóla Íslands er ákveðin af viðkomandi fræðasviði eftir að sviðið hefur fengið fjárveitingu frá háskólaráði HÍ. Mismunandi er eftir fræðasviðum hversu mikið þau styðjast við deililíkan skólans þegar kemur að úthlutun fjármuna innan sviðs. Í flestum tilvikum er þó stuðst að verulegu leyti við deililíkanið.

Til þess að meta fjárhagslegan grundvöll íþróttá- og heilsufræðinnar eru hér á eftir áætlaðar tekjur námsbrautarinnar út frá deililíkani Háskóla Íslands. Líkanið byggir á kennslulíkani (þreyttar einingar) og rannsóknalíkani (útskriftarupphæðir vegna meistara- og doktorsnema, tekjur vegna rannsóknastiga kennara og framlag vegna styrkja sem starfsmenn einingar afla).

Tafla 6. Yfirlit tekna m.v. deililíkan og bein útgjöld námsbrautar í íþróttá- og heilsufræði

Tekjur á verðlagi hvers árs	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Úr kennslulíkani - grunnnáms	66.473	70.534	47.824	44.414	48.816	43.458
Úr kennslulíkani - framhaldsnám	12.915	13.274	8.865	12.089	14.975	13.201
Rannsóknastig	5.562	5.163	6.036	7.611	9.254	10.097
Móttframlag v/rannsóknastyrkja	2.342	7.177	9.468	9.443	11.166	9.959
Útskrifaðir meistara (premiur)	3.300	4.400	2.750	2.200	3.300	2.200
Útskrifaðir doktorar (premiur)			2.750			5.500
Tekjur samtals	90.592	100.548	77.693	75.757	87.511	84.415
Gjöld á verðlagi hvers árs	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Laun	91.307	78.800	81.060	79.896	88.873	92.413
Rekstrargjöld námsbrautar	13.309	13.349	9.699	9.779	9.758	11.736
Gjöld samtals	104.616	92.149	90.759	89.675	98.631	104.149
Mismunur tekna og gjalda	- 14.024	8.399	- 13.066	- 13.918	- 11.120	- 19.734

Tafla 6 sýnir yfirlit tekna út frá deililíkani og einnig bein útgjöld námsbrautarinnar (í þúsundum króna). Með því er átt við launakostnað starfsmanna námsbrautar auk beinna rekstrargjalda. Ekki er t.d. reiknuð nein hlutdeild í sameiginlegri stjórnslu- og stoðþjónustu á Menntavísindasviði. Tölur eru á verðlagi hvers árs.

Við útreikningana var stuðst við sömu reglur og fjármálanefnd háskólaráðs notar, þ.e. fjárveiting úr kennslulíkani byggir á þreyttum einingum síðastliðins kennsluárs, framlag vegna rannsóknastiga byggir á meðaltali næstu 3ja ára á undan, framlag vegna styrkja á meðalupphæð styrkja síðustu 2ja ára og útskriftarupphæðir á fjölda útskrifaðra meistara og doktora síðastliðins kennsluárs. Af töflunni má ráða að fjárhagslegur grundvöllur námsbrautarinnar er erfiður enda hefur nemendum fækkað undanfarin ár. Sem dæmi um hvað mismunur gjalda og tekna úr deililíkani þýðir í þessu sambandi má spyrja hvað þyrfti að fjölga um marga nemendur hjá námsbrautinni til að endar næðu saman með allt annað óbreytt (sömu umsvif í rannsóknnum, styrkjaöflun, fjöldi útskrifta í framhaldsnámi, verð á reikniflokki o.s.frv.).

Niðurstaðan kemur fram í eftirfarandi töflu:

Tafla 7. Fjöldi nemendaígilda sem upp á vantar til að fjárhagslegt jafnvægi náist

Fjöldi nemendaígilda sem upp á vantar til að jafnvægi náist	2009	2010	2011	2012	2013	2014
	25	0	29	30	22	36

Til að gjöld og tekjur væru í jafnvægi miðað við ofangreindar forsendur t.d. á árinu 2014 hefðu nemendaígildi í grunn- og framhaldsnámi þurft að vera 139 en voru 103. Þá er ekki tekið tillit til aukins kostnaðar sem hlotist hefði af auknum nemendafjölda. Að óbreyttu er ljóst að námsbrautin verður rekin með enn meira tapi í náinni framtíð. Áætla má að til að tekjur og gjöld skv. núverandi reiknilíkani verði í jafnvægi þarf að lágmarki 120 nemendur í grunnnámið.

13. Fjórar sviðsmyndir

Í þessum kafla eru settar upp fjórar sviðsmyndir um skipan náms í íþrótt- og heilsufræði og haft er í huga að þær séu til þess fallnar að bæta nám í íþrótt- og heilsufræði, fjölga nemendum og auka hagræði í rekstri námsins. Þær eru m.a. byggðar á SVÓT-greiningu sem er sett fram af skýrsluhöfundum en þær taka m.a. mið af viðtölum við starfsmenn og nemendur námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði.

Sviðsmyndirnar eru eftirfarandi og er þeim raðað þannig að róttækasta breytingin er sett síðust:

1. Grunn nám í íþrótt- og heilsufræði verði áfram að Laugarvatni með breyttu sniði.
2. Grunn nám í íþrótt- og heilsufræði verði flutt til Reykjavíkur.
3. Grunn nám í íþrótt- og heilsufræði verði staðsett í Reykjavík og skipulagt í samstarfi Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.
4. Nám í íþrótt- og heilsufræði verði lagt niður sem námsgrein við Háskóla Íslands.

1. Nám í íþrótt- og heilsufræði áfram að Laugarvatni með breyttu sniði

Svót-greining: Íþrótt- og heilsufræði áfram að Laugarvatni

Innri þættir	Ytri þættir (stjórnálegir, efnahagslegir, þjóðfélagslegir og tæknilegir þættir, umhverfisþættir og samkeppnisþættir)
Styrkleikar <ul style="list-style-type: none"> ✓ Vel menntaðir og fræðilega sterkir kennarar ✓ Mikil ánægja meðal nemenda með námið og búsetu að Laugarvatni, mikil samheldni og nánd við kennara – gott samfélag ✓ Góð aðstaða til íþróttaiðkunar, ekki sist möguleikar til útivistar ✓ Hluti af skólasamfélagi með tengsl við öll skólastig ✓ Vilji sveitarstjórnarmanna til samvinnu um bætt aðstöðu og afslættir á leikskólajöldum fyrir nemendur og starfsfólk ✓ Treystir nýliðun íþróttfræðinga á landsbyggðinni ✓ Komið til móts við pólitísk sjónarmið í byggðamálum ✓ Vaxandi eftirspurn eftir vinnuafli á svæðinu t.d. í ferðaþjónustu 	Ógnanir <ul style="list-style-type: none"> ✓ Fækkun nemenda sem jafnframt felur í sér minnkandi fjárveitingar til námsins ✓ Staðsetning að Laugarvatni fælar nemendur frá námi, er fyrirstaða fyrir frekari þróun námsins, tengingu milli grunnnáms og framhaldsnáms, stendur í vegi fyrir nýliðun kennara og skapar hættu á að missa kennara ✓ Fyrirsjáanlegur mikill kostnaður vegna endurbóta á mannvirkjum í náinni framtíð ✓ Námið hefur orðið undir í samkeppni við Háskólann í Reykjavík og Keili og möguleg samkeppni frá Háskólanum á Akureyri ✓ Skortur á framtíðarsýn skólafirvalda og sveitarfélagsins fyrir staðinn
Veikleikar <ul style="list-style-type: none"> ✓ Mikil fækkun nemenda, mikið brottfall, fá valnámskeið vegna fækkunar nemenda ✓ Nemendur, sérstaklega keppnis- og afreksíþróttafólk, setja fyrir sig að sækja nám að Laugarvatni m.a. vegna fjarlægðar námsins frá skipulagðri íþróttastarfsemi, fábreyttra félagslegra tækifæra og takmarkaðra möguleika á vinnu með námi ✓ Starfsemi er á tveimur stöðum og starfsemi að Laugarvatni er fjarri annarri þjónustu Háskóla Íslands og meginstarfsemi Menntavísindasviðs ✓ Mikill tími og kostnaður fer í akstur ✓ Einungis boðið upp á staðnám og takmarkaðir möguleikar á tengingu námsins við aðrar fræðigreinar ✓ Íþróttáætlaða þarfnast endurbóta 	Tækifæri <ul style="list-style-type: none"> ✓ Breyta skipulagi námsins, breyta úr staðnámi í blandað nám ✓ Markaðssetja námið betur ✓ Endurnýja íþróttáætlögu og bæta aðstöðu fyrir nemendur, þ.m.t. fjölskyldufólk ✓ Nýta aðstöðuna fyrir aðrar fræðigreinar HÍ ✓ Nýta aðstöðuna og stofna til frekara samstarfs við ÍSÍ, íþróttafélög og samtök í þeim tilgangi að efla ýmiss konar íþróttastarf að Laugarvatni m.a. hugsanlega uppbyggingu miðstöðvar íþróttá að Laugarvatni ✓ Bæta almenningssamgöngur á svæðið

Hér er gerð tillaga um hvernig megi byggja upp sóknarfæri í íþrótt- og heilsufræði með áframhaldandi starfi að Laugarvatni en með breyttu sniði.

Breytt skipulag náms

Það er niðurstaða skýrsluhöfunda að forsenda fyrir fjölgun nemenda að Laugarvatni og eflingu námsins sé að ráðist verði í verulegar breytingar á skipulagi þess. Lagt er til að náminu verði breytt í blandað nám í stað staðnáms. Með því skapast möguleikar á að ná til stærri hóps nemenda, þar á meðal íþróttafólks sem stundar keppnisíþróttir og vill vera í tengslum við þjálfara sína, félag og íþróttáætlögu í grein sinni samhliða námi. Þá gefur þetta fyrirkomulag möguleika á að ná betur til nemenda sem búa á höfuðborgarsvæðinu og einnig til þeirra sem eru búsettir á landsbyggðinni. Jafnframt verði boðið upp á styttri námsleiðir í íþrótt- og heilsufræði, þar með talið diplómanám, til að mynda í íþróttþjálfun, útivist og heilsurækt, sem hægt væri að byggja ofan á til að ljúka námi á háskólastigi. Möguleikar á valnámskeiðum og tenging námsins við aðrar fræðigreinar þyrftu að aukast frá því sem nú er.

Breytt nýting á húsnæði að Laugarvatni

Þessar hugmyndir fela í sér verulega breytta nýtingu á húsnæði skólans að Laugarvatni, þar sem í stað fastrar búsetu nemenda yfir skólaárið kæmu þeir í tímabundnar staðlotur til verklegrar þjálfunar og bóklegs náms. Með góðri skipulagningu myndi núverandi heimavist sennilega duga fyrir nemendum til gistingar í staðlotum en ef nemendum fjölgaði mikið væri hugsanlegt að taka Íþróttamiðstöðina í notkun fyrir skólann en það myndi kalla á verulegar endurbætur á húsnæðinu.

Ný sóknarfæri

Breytt nýting á húsnæði Háskóla Íslands að Laugarvatni í þágu íþróttá- og heilsufræði gæfi öðrum námsgreinum og nemendahópum kost á að nýta húsnæði skólans. Hér má t.d. nefna ferðamálafræði og styttri námskeið í fleiri greinum. Þá mætti nýta aðstöðuna til náms- og vettvangsferða annarra nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans t.d. til útivistar, námskeiða, smærri ráðstefna og vinnufunda á vegum skólans eða annarra aðila. Jafnframt gætu möguleikar á samvinnu við íþróttahreyfinguna í landinu aukist, m.a. um ráðstefnur, námskeið og ýmsa rannsóknastarfsemi. Slík áform þurfa þó að tengjast enn betur framtíðarsýn heimamanna um Laugarvatn sem miðstöð íþróttá og kallar á aðkomu þeirra.

Áhrif á samfélagið að Laugarvatni

Breytt skipulag náms að Laugarvatni mun hafa veruleg áhrif á samfélagið þar og verður þátttaka nemenda og kennara með öðrum hætti en nú er. Þannig eru litlar líkur á að nemendur sækist eftir að hafa fasta búsetu að Laugarvatni meðan á námi stendur, þótt kennarar muni e.t.v. verða búsettir þar áfram í einhverjum mæli. Hins vegar geta tengsl staðarins við meginstarfsemi skólans í Reykjavík aukist með víðtækari notkun á húsnæði hans að Laugarvatni.

Aukin þátttaka sveitarfélagsins í rekstri mannvirkja

Háskóli Íslands heldur úti mannvirkjum og starfsemi að Laugarvatni sem nýtist fleirum en nemendum og starfslíði skólans. Það á m.a. við um rekstur íþróttahúss og sundlaugar, ekki síst yfir sumartímann, og rekstur íþróttavallar. Gera þarf kröfu til sveitarfélagsins að það taki aukinn þátt í kostnaði við þessa starfsemi og rekstur og viðhald mannvirkja. Jafnframt kallar breytt starfsemi á eflingu almenningsgangna til svæðisins.

Fjárhagslegir þættir

Ef ákvörðun verður tekin um að halda áfram starfsemi íþróttá- og heilsufræði að Laugarvatni með framangreindum hætti má ljóst vera að fjárhagsleg viðhald og endurbætur á næstu árum muni hlaupa á tugum ef ekki hundruðum milljónum króna. Það ræðst þó af því í hve miklum mæli verkleg kennsla færi þar fram. Verði þessi kostur valinn mun kostnaður vegna starfsmanna breytast lítið frá því nú er. Tekjur á móti gjöldum gætu þó aukist, verði húsnæði skólans nýtt af fleiri deildum skólans og aðilum utan hans, auk þess sem væntanleg fjölgun nemenda bætir fjárhagslega stöðu námsbrautarinnar.

2. Grunnám í íþrótt- og heilsufræði verði flutt frá Laugarvatni til Reykjavíkur

Svót-greining: Íþrótt- og heilsufræði staðsett í Reykjavík

Innri þættir	Ytri þættir (stjórnálegir, efnahagslegir, þjóðfélagslegir og tæknilegir þættir, umhverfisþættir og samkeppnisþættir)
Styrkleikar <ul style="list-style-type: none"> ✓ Vel menntaðir og fræðilega sterkir kennarar ✓ Grunnám og framhaldsnám á sama stað og möguleikar á auknum tengslum við fleiri fræðigreinar innan Háskóla Íslands ✓ Góð aðstaða til bóklegar kennslu, íþróttahús er til staðar og góð aðstaða til íþróttaiðkunar í íþróttamannvirkjum Reykjavíkurborgar, íþróttafélaga og líkamsræktarstöðva. ✓ Bætri aðstaða til rannsókna ✓ Nálægð borgarinnar við náttúruna, miklir útivistarmöguleikar ✓ Hugsanlega fjárhagslega hagkvæmara 	Ógnanir <ul style="list-style-type: none"> ✓ Samkeppni við Háskólann í Reykjavík og Keili og hugsanlega við Háskólann á Akureyri ✓ Hugsanleg pólitísk andstaða við flutning frá Laugarvatni ✓ Skapar hættu að missa kennara
Veikleikar <ul style="list-style-type: none"> ✓ Óljóst með kostnað af leigu á húsnæði vegna þjálfunar og um opið aðgengi nemenda að slíkri aðstöðu ✓ Íþróttaaðstaða HÍ í Stakkahlíð þarfnast endurbóta og kostnaður við byggingu íþróttaaðstöðu HÍ í Reykjavík hár þegar og ef af verður ✓ Getur haft áhrif á nýliðun íþróttfræðinga á landsbyggðinni ✓ Getur haft áhrif á samheldni nemenda sem búa ekki lengur á campus að Laugarvatni 	Tækifæri <ul style="list-style-type: none"> ✓ Stærri og fjölbreyttari hópur nemenda ✓ Meiri tengsl milli grunnnáms og framhaldsnáms og aukin fræðileg þróun vegna tengingar við aðrar greinar, s.s. við greinar á Heilbrigðisvísindasviði og við ferðamálafræði ✓ Auknir möguleikar á breyttu skipulagi námsins og meira námskeiðaval fyrir nemendur ✓ Íþrótt- og heilsufræði fengi meira vægi sem grein innan skólans og styrkir ímynd Háskóla Íslands sem heilsueflandi skóla í fararbroddi í lýðheilsu og íþróttum ✓ Meiri tengsl við íþróttasamfélagið

Þessi tillaga miðar að því að grunnám í íþrótt- og heilsufræði verði flutt frá Laugarvatni til Reykjavíkur.

Margvíslegur ávinningur af flutningi námsins

Flutningur grunnnáms í íþrótt- og heilsufræði frá Laugarvatni til Reykjavíkur felur í sér margvíslegan ávinning.

Áhugi nemenda á íþrótt- og heilsufræði er síður en svo á undanhaldi, eins og hann birtist m.a. á námskynningum HÍ, en hugur þeirra beinist að fjölbreyttara námi innan greinarinnar fremur en að námið einskorðist við að útskrifa þá með réttindi sem íþróttakennarar. Snertifletir íþrótt- og heilsufræði við aðrar fræðigreinar eru sífellt að aukast og það kallar á samvinnu og nánd við aðrar námsbrautir og fræðasvið. Flutningur námsins til Reykjavíkur ýtir undir þessa þróun og myndi líklega efla rannsóknir á þessum sviðum. Umsækjendum um námið myndi að öllum líkindum fjölga, þar á meðal keppnisíþróttafólki og ungmennum af höfuðborgarsvæðinu en einnig af landsbyggðinni. Aukin samfella yrði í grunn- og framhaldsnámi í íþrótt- og heilsufræði, námið yrði fjölbreyttara en nú er með auknu vali fyrir nemendur og meiri tengslum við aðrar greinar innan Háskóla Íslands. Nýir möguleikar opnast á samstarfi við íþróttahreyfinguna í landinu og nýtingu á fjölbreyttri sérhæfðri íþróttaaðstöðu í ólíkum greinum íþróttar. Þá myndi ímynd og forystuhlutverk Háskóla Íslands sem heilsueflandi skóla og í fararbroddi í lýðheilsu og íþróttum í landinu styrkjast.

Með flutningi námsins til Reykjavíkur væri Háskóli Íslands í samkeppni við Háskólann í Reykjavík um nemendur. Þar ætti Háskóli Íslands að vera í góðri stöðu, þar sem hann hefur á að skipa afburðafólki sem er í fararbroddi í greininni, hvort sem litið er til kennslu eða rannsókna.

Aðstaða til náms í Reykjavík

Nægilegt rými er fyrir nemendur í íþrótt- og heilsufræði í bóklegu námi í Stakkahlíð. Þá er íþróttahús í eigu Háskóla Íslands á lóð skólans í Stakkahlíð nú leigt út til íþrótt- og tólmstundaráðs Reykjavíkur. Leigusamningur, sem rann út um síðustu áramót, hefur ekki verið endurnýjaður en ljóst er að einhvern fyrirvara þarf á uppsögn hans. Fjölbreytt íþróttaaðstaða er í nágrenni við Stakkahlíð á vegum Reykjavíkurborgar, íþróttafélaga og einkarekinna líkamsræktarstöðva, m.a. í Laugardal og víðar, sem eru ekki í fullri nýtingu, sérstaklega yfir daginn og sem góðir möguleikar eru á að semja um afnot af.³⁵ Það verður þó að liggja fyrir áður en af flutningi yrði. Kostnaður vegna leigu á þessari aðstöðu liggur

³⁵ Skv. samtali við Ómar Einarsson, hjá Íþrótt- og tólmstundaráð Reykjavíkurborgar 13. apríl 2015

ekki fyrir, né heldur kostnaður vegna endurbóta á aðstöðu í íþróttahúsi í Stakkahlíð. Jafnframt verða frekari byggingaáform á íþróttaaðstöðu við Háskóla Íslands kostnaðarsöm þegar, og ef, af verður.

Áhrif flutnings grunnnáms í íþrótt- og heilsufræði frá Laugarvatni á samfélagið þar

Flutningur náms í íþrótt- og heilsufræði frá Laugarvatni mun hafa nokkur áhrif á samfélagið þar. Ljóst má vera að atvinnulíf verður einhæfara og samsetning íbúa mun breytast þar sem nemendur Háskóla Íslands verða ekki með sama hætti þátttakendur í samfélaginu. Óvíst er hvort og hvaða áhrif flutningur námsins hefur á kennara sem nú hafa fasta búsetu að Laugarvatni en ekki er ólíklegt að þeir muni aka á milli með sama hætti og kennarar sem eru búsettir í bænum hafa gert fram til þessa. Annað starfsfólk telur að það hafi atvinnumöguleika áfram hjá öðrum atvinnuveitendum á staðnum verði af flutningi námsins til Reykjavíkur.

Flutningur námsins frá Laugarvatni yrði vissulega högg fyrir samfélagið en það verður ekki rothögg þar sem aðrir möguleikar t.d. í ferðaþjónustu munu koma í staðinn ef höfð er hliðsjón af þeim tækifærum sem eru til staðar og þróun sem þegar er hafin á svæðinu. Mannvirki Háskóla Íslands til skólahalds að Laugarvatni eru nú þegar notuð undir ferðaþjónustu á sumrin og ljóst er að þegar er mikill áhugi á húsnæðinu til notkunar allt árið í ferðaþjónustu og ef að líkum lætur yrði auðvelt að koma því í verð.

Áhrif á nemendur og nýliðun íþróttfræðinga á landsbyggðinni

Hugsanlega myndi flutningur grunnnáms í íþrótt- og heilsufræði hafa áhrif á nemendur af landsbyggðinni sem sækjast eftir námi utan höfuðborgarsvæðis og dvöl á heimavist. Þess er að gæta að upptökusvæði skólans er einkum landsbyggðin utan höfuðborgarsvæðisins og meirihluti nemenda starfar á landsbyggðinni eftir útskrift. Ákvörðun um að leggja niður starfsemina að Laugarvatni gæti leitt til fækkunar í stétt íþrótt- og heilsufræðinga á landsbyggðinni.

Pólítísk andstaða

Þrátt fyrir sjálfstæði Háskóla Íslands í eigin málum og minnkaða aðsókn í námið, sem má fyrst og fremst rekja til staðsetningarinnar, eru líkur á stjórn málaegri andstöðu við flutning námsins til Reykjavíkur.

Fjárhagslegir þættir

Gera má ráð fyrir að flutningur námsins til Reykjavíkur hefði í för með sér nemendafjölgun, sem myndi renna stoðum undir fjárhagslega stöðu námsbrautarinnar. Þá gæti sala á húsnæði Háskóla Íslands að Laugarvatni skapað skólanum tekjur m.a. til ráðstöfunar til að efla sóknarfæri í íþrótt- og heilsufræði innan skólans. Ekki er þó hægt að ganga að því vísu að því fjármagni yrði ráðstafað í þágu Háskóla Íslands.

3. Nám í íþróttá- og heilsufræði verði flutt til Reykjavíkur og skipulagt í samstarfi við Háskólann á Akureyri

Svót-greining: Íþróttá- og heilsufræði staðsett í Reykjavík en í samstarfi við Háskólann á Akureyri

Innri þættir	Ytri þættir (stjórnámalægir, efnahagslegir, þjóðfélagslegir og tæknilegir þættir, umhverfisþættir og samkeppnisþættir)
Styrkleikar <ul style="list-style-type: none"> ✓ Sömu styrkleikar og í svót-greiningu um flutnings námsins til Reykjavíkur, m.a. vel menntaðir og fræðilega sterkir kennarar, hluti af stærra fræðasamfélagi, betri aðstaða til rannsókná og bóklegrar og verklegrar kennslu en að Laugarvatni ✓ Útvíkkun á samstarfi skólanna tveggja og styrkir starf Háskóla Íslands á landsbyggðinni ✓ Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar á Akureyri, ekki síst á sviði vetraríþróttá, nálægð við náttúruna, miklir útvístarmöguleikar ✓ Samstarf við íþróttahreyfinguna, einnig á landsbyggðinni ✓ Getur vegið upp á móti pólitískri andstöðu við flutning frá Laugarvatni 	Ógnanir <ul style="list-style-type: none"> ✓ Samkeppni við Háskólann í Reykjavík og Keili ✓ Ekki er fulljóst hvort áhugi er hjá Háskólanum á Akureyri á samstarfi og hversu langt áform um að setja á laggirnar íþróttá- og heilsufræði við skólann eru komin ✓ Mögulega flókin samhæfing milli skólanna
Veikleikar <ul style="list-style-type: none"> ✓ Kostnaður vegna samstarfs ✓ Hugsanlega flóknari skipulagning á náminu en ef einn skóli stæði að því ✓ Hugsanlegur skortur á kennurum með fræðilegan bakgrunn í íþróttá- og heilsufræði á Akureyri 	Tækifæri <ul style="list-style-type: none"> ✓ Næst betur til nemenda á landsbyggðinni, ekki síst á Norðurlandi ✓ Aukin fræðileg þróun og aukin tengsl við fleiri fræðigreinar, s.s. á heilbrigðisvísindasviði ✓ Gefur fleiri möguleika á breyttu skipulagi námsins og auknu námskeiðavali fyrir nemendur en ef einn skóli stæði að því ✓ Treystir nýliðun íþróttáfræðinga á landsbyggðinni ✓ Íþróttá- og heilsufræði fengi meira vægi sem grein en ef einn skóli stæði að náminu ✓ Styrkir ímynd beggja skólanna sem heilsueflandi skóla sem eru í fararbroddi í lýðheilsu og íþróttum ✓ Meiri tengsl við íþróttasamfélagið

Þessi tillaga byggist á að grunnnám í íþróttá- og heilsufræði verði flutt frá Laugarvatni til Reykjavíkur og um leið yrði hafið samstarf við Háskólann á Akureyri um námið.

Áhrif samkeppni frá Háskólanum á Akureyri

Háskólinn á Akureyri hefur lýst yfir áhuga á að koma á fót námi í íþróttá- og heilsufræði við skólann. Flestir nemendur Háskóla Íslands að Laugarvatni eru af landsbyggðinni, m.a. að norðan. Verði af áformum Háskólans á Akureyri um að setja þetta nám á laggirnar myndi það að óbreyttu hafa veruleg áhrif á aðsókn að námi í íþróttá- og heilsufræði að Laugarvatni og gæti jafnvel kippt fótum undan því.

Mörg sóknarfæri

Fyrirsjáanlega myndi flutningur grunnnáms í íþróttá- og heilsufræði frá Laugarvatni til Reykjavíkur mæta pólitískri andstöðu. Með samstarfi skólanna tveggja um sameiginlegt nám í íþróttá- og heilsufræði væru slegnar margar flugur í einu höggi: Komið væri til móts við pólitísk sjónarmið og stefnu í byggðamállum, starf Háskóla Íslands á landsbyggðinni yrði eflt, styrkum stöðum yrði rennt undir framtíð náms í íþróttá- og heilsufræði innan skólans með breyttu námsskipulagi, samkeppnisstaða skólans um nemendur og kennara yrði bætt, möguleikar nemenda á landsbyggðinni á að stunda nám í íþróttá- og heilsufræði yrðu auknir og nýliðun íþróttáfræðinga þar treyst. Þá myndi aðstaðan á Akureyri auka enn námstækifæri nemenda.

Þessi leið yrði töluverð áskorun fyrir viðkomandi stjórnendur og kennara og hugsanlega myndi stjórnun verða flóknari en við aðra kosti.

Fjárhagslegir þættir

Stofnkostnaður við uppbyggingu á sameiginlegri námsleið skólanna tveggja yrði einhver en ekki umtalsverður. Rekstrarkostnaður myndi ekki vaxa umfram það sem eðlilegt er með fjölgun nemenda. Sala á húsnæði Háskóla Íslands að Laugarvatni gæti skapað skólanum tekjur m.a. til ráðstöfunar til að efla sóknarfæri í íþróttá- og heilsufræði innan skólans, en ekki er þó hægt að ganga að því vísu.

4. Nám í íþróttá- og heilsufræði verði lagt niður sem námsgrein við Háskóla Íslands

Svót-greining: Íþróttá- og heilsufræði yrði lögð niður við Háskóla Íslands

Innri þættir	Ytri þættir (stjórnmalalegir, efnahagslegir, þjóðfélagslegir og tæknilegir þættir, umhverfisþættir og samkeppniþættir)
Styrkleikar	Ógnanir
✓ Hugsanlegur fjárhagslegur sparnaður	✓ Mikil þekking tapast úr Háskóla Íslands með fræðimönnum í íþróttá- og heilsufræði ✓ Ímynd skólans sem heilsueflandi skóla sem er í forystu fyrir lýðheilsu í landinu biði hnekki ✓ Árangursríkt samstarf sem kennarar í íþróttá- og heilsufræði eiga nú við aðrar fræðigreinar innan Háskóla Íslands tapast ✓ Tækifæri til að efla þverfaglegar rannsóknir til að bæta íþróttastarf og umhverfi þess í landinu glatast.
Veikleikar	Tækifæri
✓ Íþróttakennaranám sem hluti af námsframboði Menntavísindasviðs tapast og slíkt nám væri alfarið sett í hendur samkeppnisaðila ✓ Háskóli Íslands er alhliða háskóli og niðurlagning á íþróttá- og heilsufræði yrði áfall fyrir þá ímynd	

Skýrsluhöfundar leggja ekki til að þessi leið verði farin en að óbreyttu er hætta á að nám í íþróttá- og heilsufræði leggist af sökum minnkaðrar aðsóknar og þá gæti þessi mynd blasað við.

Eftir mat á framangreindum sviðsmyndum leggja skýrsluhöfundar til þrjá valkosti í þeirri forgangsörð sem hér er greint. Þeir hafna sviðsmynd nr. 4.

1. Grunnám í íþróttá- og heilsufræði verði staðsett í Reykjavík og skipulagt í samstarfi Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.
2. Grunnám í íþróttá- og heilsufræði verði flutt til Reykjavíkur.
3. Grunnám í íþróttá- og heilsufræði verði áfram að Laugarvatni með breyttu sniði.
4. Nám í íþróttá- og heilsufræði yrði lagt niður sem námsgrein við Háskóla Íslands.

Viðauki 1. Stutt ágríp af sögu skólastarfs að Laugarvatni

Skólastarf að Laugarvatni á sér tæplega 90 ára sögu. Héraðsskólinn að Laugarvatni var stofnaður á árinu 1928 og hófst bygging skólans það sama ár. Jónas Jónsson frá Hriflu, sem þá var kennslumálaráðherra, var helsti hvatamaður að stofnun skólans. Héraðsskólinn að Laugarvatni var teiknaður af Guðjóni Samúelssyni og er þekktasta kennileitið að Laugarvatni.

Á svipuðum tíma voru stofnaðir héraðsskólar víða um land með áherslu á eflingu alþýðmenningar þar sem vinnusemi, siðferðisþroski, söngur og íþróttaiðkun voru í hávegum höfð.^{36, 37} Tilgangur með stofnun héraðsskóla var m.a. að gefa ungu fólki á landsbyggðinni tækifæri til menntunar. Fræðslulögin, sem sett voru 1946, kipptu grundvelli undan starfsemi héraðsskólanna og aðsókn fór minnkandi. Með nýjum fræðslulögum var nemendum beint í gagnfræðaskóla sem veitti aðgang að menntaskólum og kennaraskóla, sem nám í héraðsskólum gerði ekki. Héraðsskólarnir breyttu þá áherslum sínum og buðu upp á almennt gagnfræðapróf og undirbúning undir landspróf eins og aðrir gagnfræðaskólar. Með setningu grunnskólalaga á áttunda áratug tuttugustu aldar færðist hið nýja hlutverk héraðsskólanna til grunnskóla í heimabyggðum og lögðust þá héraðsskólar af.³⁸ Héraðsskólinn að Laugarvatni var formlega lagður niður 1991.^{39, 40}

Þegar Héraðsskólinn var stofnaður var búrekstur að Laugarvatni og var bújörðin þá „afhent til skólahalds með öllum gögnum og gæðum.“ Öll uppbygging á staðnum, s.s. hitaveita, vatnsveita, rafveita og þvottahús og síðar heilsugæsla og mötuneyti, var að mestu á forræði Héraðsskólans og uppbygging byggðarkjarna hefur frá upphafi verið nátengd og háð skólastarfi þar.⁴¹

Starf Héraðsskólans að Laugarvatni leiddi af sér fleiri sprota skólastarfs á staðnum.

Á árinu 1932 stofnaði Björn Jakobsson íþróttaskóla, sem bar nafn hans. Skólinn var einkaskóli en rekinn með ríkisstyrk og starfaði í tengslum við héraðsskólann. Skólinn var forveri Íþróttakennaraskólans sem var stofnaður í ársbyrjun 1943. Skólinn var til húsa í Héraðsskólanum.^{42, 43, 44} Í ársbyrjun 1998 sameinaðist Íþróttakennaraskóli Íslands þremur öðrum skólum undir merki Kennaraháskóla Íslands. Tíu árum síðar sameinaðist sá skóli Háskóla Íslands. Íþrótt- og heilsufræði varð ein af þremur námsbrautum Íþrótt-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeildar. Íþróttakennaranám, og síðar grunnnám í íþrótt- og heilsufræði, hefur frá upphafi verið staðsett að Laugarvatni, en framhaldsnám í íþrótt- og heilsufræði fer fram á meginstarfsstöð Menntavísindasviðs við Stakkahlíð í Reykjavík.

Á árabílinu 1931-1942 var húsmæðrafræðsla rekin sem deild í héraðsskólanum og voru haldin húsmæðranámskeið á hverju vori. Á árinu 1942 stofnaði Héraðsskólinn húsmæðradeild en í framhaldi af því og í samvinnu við Samband sunnlenskra kvenna var Húsmæðraskóli Suðurlands stofnaður

³⁶ Kristinn Kristmundsson (2008). *Laugarvatn. Skólasetur í anda Jónasar?* Árnesingur 9 (2008), bls. 17.

³⁷ Þetta voru héraðsskólarnir að Reykjum í Hrutafirði (stofnaður 1930) og Reykholti í Borgarfirði (sem tók við af heimavistaraskóla á Hvítárþakka í Borgarfirði 1931), en áður hafði Alþýðuskólinn að Laugum í Þingeyjarsýslu verið stofnaður (1925) og var síðar kallaður héraðsskóli. Þeir voru allir heimavistaraskólar í sama anda og Héraðsskólinn að Laugarvatni og nefndi Jónas þá „albræður“.

³⁸ Kristinn Kristmundsson (2008). *Laugarvatn. Skólasetur í anda Jónasar?* Árnesingur 9 (2008), bls. 21-22.

³⁹ Eyrún Ingadóttir (2010). *Um námsmeyjar og skólapipta í broshýru landslagi Laugarvatns*. Upplit. Menningarklasi uppsveita Árnessýslu, http://upplit.is/wp/wp-content/uploads/2010/05/Upplit_Namsmeyjar_skolapiltar.pdf.

⁴⁰ Kristinn Kristmundsson (2012). *Sameignir skólanna að Laugarvatni*. Árnesingur 11 (2012), bls. 24.

⁴¹ Kristinn Kristmundsson (2012). *Sameignir skólanna að Laugarvatni*. Árnesingur 11 (2012), bls. 13-14.

⁴² Sigurbjörn Árni Arngrímsson (2012). Íþróttakennara- og íþróttfræðinám að Laugarvatni fyrr og nú. *Uppeldi og menntun* 21 (2) 2012, bls. 171-175.

⁴³ Þórir Ólafsson (1998). Kaflar úr ræðu við brautskráningu íþróttakennara að Laugarvatni 1998. Blað útskriftarnema KHÍ að Laugarvatni.

⁴⁴ Sigurbjörn Árni Arngrímsson (2012). Íþróttakennara- og íþróttfræðinám að Laugarvatni fyrr og nú. *Uppeldi og menntun* 21 (2) 2012, bls. 171-175.

1944.⁴⁵ Starfsemi þess skóla var lögð niður 1986.⁴⁶ Á árinu 1945 var efnt til iðnnáms innan Héraðsskólans sem var haldið úti í nokkur ár en sjálfstæður iðnskóli var ekki stofnaður.⁴⁷

Menntaskólinn að Laugarvatni hóf formlega starfsemi 1953 en kennsla var hafin í námsgreinum menntaskóla 1947 sem framhaldsdeild innan Héraðsskólans í samstarfi við Menntaskólann í Reykjavík og útskrifuðust fyrstu stúdentar skólans frá MR 1952.^{48, 49, 50} Frá aldamótunum 2000 hafa nemendur við Menntaskólann að Laugarvatni verið á bilinu 100-180 (fór hæst í 180 nemendur skólaárið 2012-2013) en þeim hefur farið fækkandi síðan. Skólaárið 2014-2015 stunda um 140 nemendur nám við skólann og er skólinn bóknámsskóli með bekkjakerfi. Um 80% nemenda eru af Suðurlandi.

⁴⁵ Kristinn Kristmundsson (2012). *Sameignir skólanna að Laugarvatni*. Árnesingur 11 (2012), bls. 13-28.

⁴⁶ Eyrún Ingadóttir (2010). *Um námsmeyjar og skólapilta í broshýru landslagi Laugarvatns*. Upplit. Menningarklasi uppsveita Árnassýslu, http://upplit.is/wp/wp-content/uploads/2010/05/Upplit_Namsmeyjar_skolapiltar.pdf.

⁴⁷ Kristinn Kristmundsson (2012). *Sameignir skólanna að Laugarvatni*. Árnesingur 11 (2012), bls. 13.

⁴⁸ Kristinn Kristmundsson (2008). *Laugarvatn. Skólasetur í anda Jónasar?* Árnesingur 9 (2008), bls. 223

⁴⁹ Eyrún Ingadóttir (2010). *Um námsmeyjar og skólapilta í broshýru landslagi Laugarvatns*. Upplit. Menningarklasi uppsveita Árnassýslu. http://upplit.is/wp/wp-content/uploads/2010/05/Upplit_Namsmeyjar_skolapiltar.pdf.

⁵⁰ Heimasiða Menntaskólans að Laugarvatni <http://www.ml.is/index.php/agrip-af-soegu-ml>. Tekið af vefnum 16. mars 2015.

Viðauki 2. Sundurliðun á tekjum og gjöldum vegna reksturs húsnæðis námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði Laugarvatni

Tekjur á verðgildi hvers árs	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Aðgangseyrir - íþróttahús og sundlaug	7.630.219	7.276.775	7.400.000	6.645.166	6.606.689	6.158.980
Leiga á heimavist	8.530.689	9.197.733	7.500.000	8.984.162	9.956.667	9.424.340
Leiga húsnæðis kennara	2.486.429	1.618.601	2.100.000	2.313.334	2.500.737	2.489.259
Farfuglaheimilið á Laugarvatni	3.546.413	3.856.628	4.000.000	3.242.767	5.305.848	8.608.497
Flugleiðahótel	3.601.936	4.396.291	5.000.000	4.983.052	5.851.494	6.024.608
Ungmennafélag Laugdæla	960.000	924.690	1.200.000	1.163.085	1.346.670	858.300
Frjálsíþróttaráð HSK	82.350	397.650	152.000	0	0	0
Menntaskólinn að Laugarvatni	1.906.560	2.137.240	2.800.000	3.274.630	3.406.712	3.612.548
Bláskógabyggð	1.381.490	1.553.731	1.700.000	1.354.839	1.279.361	1.239.793
Annað	91.216	117.800	245.000	1.284.112	861.185	708.775
Samtals	30.217.302	31.477.139	32.097.000	33.245.147	37.115.363	39.125.100
Gjöld á verðgildi hvers árs	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Laun umsjónarmaður, starfsfólk við íþróttahús og sundlaug, ræsting	28.465.393	30.008.868	30.500.000	32.275.000	29.952.862	31.746.801
Endurgreitt tryggingargjald	10.000	1.111.869	0	75.000	150.000	475.000
Hreingerningar	0	428.000	430.000	1.911.000	4.137.436	4.125.150
Allskonar rekstrarkostnaður (byggingavörur, tæki, áhöld, auglýsingar, skilti, vi	4.690.518	2.441.177	3.350.000	2.900.582	3.520.376	3.264.186
Kennslutæki í íþróttahús, vegna sameiginlegra nota MVS og RF	0	0	3.500.000	0	0	0
Hreinlætisvörur	1.344.500	937.842	630.000	841.233	1.009.141	951.407
Bensín og bifreiðaviðgerðir	550.956	105.885	340.000	202.218	262.821	150.284
Símagjöld og afnotagjöld af línunum	205.946	167.088	172.000	198.787	175.407	157.119
Öryggisþjónusta	119.676	100.587	170.000	197.104	616.720	81.349
Sorphirða	445.405	433.697	370.000	362.000	322.260	335.940
Rafmagn	4.496.980	4.082.971	3.900.000	4.085.102	4.320.568	3.842.549
Tryggingar	1.163.152	1.065.759	1.100.000	1.184.000	1.244.327	1.257.729
Fasteignagjöld	6.529.022	6.629.045	6.600.000	7.058.067	7.415.931	7.858.520
Eftirlitsgjöld	199.800	205.825	220.000	203.000	267.940	213.212
Samtals	48.221.348	47.718.613	51.282.000	51.493.093	53.395.789	54.459.246
Mismunur	-18.004.046	-16.241.474	-19.185.000	-18.247.946	-16.280.426	-15.334.146

Viðauki 3. Húsnæði í eigu Háskóla Íslands að Laugarvatni, í fermetrum

	m ²
1 Skólahús og heimavist v/Lindarbraut	3353
2 Laug - íbúðarhús v/Bjarkarbraut 5	159
3 Íbúðarhús parhús v/Lindarbraut 7a og 7b	210
4 Íþróttahús v/Hverabraut	2268
5 Sundlaug v/Hverabraut	328
6 Íþróttamiðstöð v/Hverabraut	1393
7 Skólastjórabústaður v/Hverabraut 6	353
Samtals	8064